


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



TAL
GERÐU OKKUR TILBOÐ


# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
28. mars 2011
72. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Annað tækifæri

*Nótt, lag Jóhönnu Guðrúnar, hefur verið valið til þátttöku í hliðar-Eurovisionkeppni í Svíþjóð.*

**fólk** 30

## Læknir situr fyrir

*Elmar Johnson læknanemi sinnir fyrirsætustörfum í New York í sumar.*

**fólk** 30



## Einstök byrjun

*Stefán Logi Magnússon var hetja íslenska landsliðsins á Kýpur.*

**sport** 24

## veðrið í dag




**SNJÓKOMA** eða slydda um landið norðan- og austanvert en úrkomulítið sunnanlands. Hæg breytileg átt og hiti í kringum frostmark norðan til en allt að 6 stiga hiti sunnanlands.

VEÐUR 4

# Atvinnuleysið mælist mest meðal erlendra ríkisborgara

**Nær 20 prósenta atvinnuleysi er á meðal Pólverja á Íslandi. Árið 2006 voru 13 Pólverjar atvinnulausir en 1.428 í síðasta mánuði. Hópur útlendinga framfleytir fjölskyldu í heimalandinu á bótum. Heima eru þeir réttlausir.**

**ATVINNUMÁL** Atvinnuleysi meðal útlendinga er töluvert meira en meðal Íslendinga. Á sama tíma komast margir ekki til heimalands síns þar sem þeir eru réttlausir, og velja frekar að dvelja á Íslandi á bótum.

Árið 2007 var atvinnuleysi á meðal útlendinga lægra en Íslendinga. Þegar atvinnuleysið náði hæstu hæðum í mars og apríl 2009 var það fjórtán prósent meðal útlendinga en níu prósent á meðal Íslendinga. Út frá áætlun VMST um fjölda á vinnumarkaði er það nú um 13,5 prósent, en rúm sex prósent meðal Íslendinga.

> **19,5%** Pólverja á Íslandi voru að meðaltali atvinnulaus á síðasta ári.

Árið 2007 voru tuttugu þúsund útlendingar á vinnumarkaði. Tæpur helmingur þeirra var Pólverjar. Árið 2006 voru þrettán Pólverjar á atvinnuleysisskrá en í lok febrúar síðastliðnum voru alls 2.375 erlendir ríkisborgarar án atvinnu, þar af 1.428 Pólverjar, eða 61 prósent þeirra útlendinga sem þá voru á skrá. Af Pólverjum eingöngu var atvinnuleysið 19,5 prósent að meðaltali árið 2010.

Gerður Gestsdóttir, ráðgjafi hjá VMST og áður Alþjóðahúsi, segir það sorglegt hversu margir útlendingar komast ekki heim. „Ef þeir færu hefðu þeir enga framfærslu. Það er því illskárra að hanga hér á bótum, vonlítill um að fá vinnu og við ömurlegar félagslegar aðstæður, en að fara heim og fá ekki neitt.“

Félagsvísindastofnun komst að því í janúar að tæpur helmingur allra þeirra sem þáðu matar-aðstoð hjá hjálparsamtökum í nóvember voru Pólverjar. Þeir voru nær allir atvinnulausir, eða níu af hverjum tíu. - shá / sjá síðu 12



**REIÐ TIL STYRKTAR KVENNADEILD** Nadia Katrín Banine var meðal þeirra sem kepptu á opna hestamannamótinu Lífstölti í gærdag. Mótið var haldið til styrktar Kvennadeild Landspítala. Nadia keppti í hópi byrjenda á tæplega átta vetra hryssu, Glaðvöru frá Hamrahóli, en mótið fór fram í Reiðhöll Harðar í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kjaraviðræður á lokaspretti:

## Vilja samninga um næstu helgi

**KJARAMÁL** ASÍ og Samtök atvinnulífsins vilja að stjórnvöld gefi fyrirheit um aðgerðir til að örva hagkerfið og breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna svo ljúka megi gerð kjarsamninga.

„Það hefur verið ljóst að erfiðasti hjalli þessara viðræðna væri með hvaða hætti aðkoma stjórnvalda yrði,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

„Markmiðið núna er að klára þetta fyrir næstu helgi,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA. Samtökin krefjast aðkomu að gerð frumvarps um breytingar á fiskveiðistjórnuninni. Vilhjálmur segir ekkert hreyfast í þeim efnum. Kjarasamningarnir geti strandað á málinu. „Það er alveg eins líklegt,“ segir hann.

SA hefur boðið launahækkun upp á 7 til 8 prósent á þremur árum. „Við höfum algerlega hafnað því,“ segir Gylfi. „Eftir því sem tölurnar eru lægri, þess líklegra er að við séum að tala um kaupmáttaraukningu,“ segir Vilhjálmur. - gar / sjá síðu 6

Ferskvatnsinnihald sjávar hefur aukist hratt í Norður-Íshafinu:

## Gæti haft áhrif á Golfstrauminn

**VÍSINDI** Ferskvatnsinnihald sjávar í Norður-Íshafinu hefur aukist um tuttugu prósent síðustu tvo áratugina.

Þetta hafa vísindamenn við Alfred Wegener stofnunina í Þýskalandi staðfest með rannsóknum sínum, sem þeir skýra frá í tímaritinu Deep-Sea Research.

Fari svo að ferskvatnsríkur sjór berist suður yfir í Norður-Atlantshaf gæti það haft áhrif á Golfstrauminn, sem ber hlýjan sjó hingað norður til Íslands. Afleiðingin yrði sú að hér á landi og víðar á norðurslóðum myndi kólna mjög.

> Enn sem komið er telja vísindamenn flest benda til þess að þetta sé bundið í hringstreymi í Norður-Íshafinu.
>
> **HÉÐINN VALDIMARSSON** HAFFRÆÐINGUR

„Enn sem komið er telja vísindamenn flest benda til þess að þetta sé bundið í hringstreymi í Norður-Íshafinu og ekkert á leiðinni að fara þaðan út,“ segir Héðinn Valdimarsson haffræðingur.

Hann segir þetta aukna ferskvatnsinnihald í Norður-Íshafinu þó varla koma á óvart, því undanfarin ár hafi ísbreiðan þar minnkað mjög vegna bráðnunar, sem almennt sé talin stafa af hlýnun andrúmsloftsins.

Ferskvatnið er léttara og þar af leiðandi ofar í hafinu en saltríkari straumar sem berast að sunnan.

Vísindamenn hafa undanfarið haft nokkrar áhyggjur af því að aukið ferskvatnsinnihald í Norður-Atlantshafinu, einkum þá ef Grænlandsjökull bráðnar, verði til þess að Golfstraumurinn hætti að bera hlýindin hingað norður eftir. - gb






**SPURNING DAGSINS**



*Margrét, er ekki alltaf nóg framboð af sjálfmenntuðum trúðum?*

„Jú, en þeir fá ekki að vera með.“

Margrét Erla Maack tilheyrir Listahópnum Sirkus Íslands sem setur upp sýningu í apríl. Þar kemur fram menntaður trúður frá Danmörku.

Breska efnahagsbrotastofnunin SFO rannsakar hrun Landsbankans í Bretlandi:

# Tilfærsla fjármuna rannsökuð

**BRETLAND** Breska efnahagsbrotastofnunin Serious Fraud Office er að rannsaka hrun Landsbankans í Bretlandi. Rannsóknin er sögð beinast einkum að millifærslum af Icesave-reikningum bankans síðustu dagana og vikurnar fyrir hrunið.

Það var breska dagblaðið The Telegraph sem skýrði frá þessu á laugardag. Þar kemur einnig fram að rannsóknin er unnin í samstarfi við rannsóknarstofnanir á Íslandi og í Lúxemborg.

Áður hefur komið fram að SFO hefur undanfarin tvö ár rannsakað starfsemi Kaupþings í Bretlandi. Bræðurnir Vincent og Robert Tchenguiz voru handteknir nýverið ásamt fyrrverandi stjórnendum Kaupþings í Bretlandi í tengslum við þá rannsókn.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagðist í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær ekki geta tjáð sig um málið þar sem rannsóknin væri á vegum SFO í Bretlandi.

Á vegum sérstaks saksóknara hefur einnig farið fram rannsókn á starfsemi Landsbankans, rétt eins og hinna íslensku bankanna sem hrundu haustið 2008. **- gb**



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON** Fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, sem nú sætir rannsókn bresku efnahagsbrotastofnunarinnar SFO. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sýrustig sjávar eðlilegt:

## Frárennsli hefur engin áhrif

**UMHVERFISMÁL** Sýrustig í sjónum í Eyjafirði er innan eðlilegra marka samkvæmt greiningum sem Matís framkvæmdi um helgina.

Í tilkynningu frá aflþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi við Akureyri kemur fram að mælingarnar séu til vitnis um að frárennsli verksmiðjunnar hafi engin áhrif haft til hækkunar á sýrustigi sjávarins.

Sýnin voru tekin á þriggja kílómetra svæði í fjörunni við verksmiðjuna. **- mmf**

Enn hægt að taka út lífeyrinn:

## Sækja þarf um fyrir apríl

**LÍFEYRISMÁL** Frestur til að sækja um að taka út séreignarsparnað rennur út 1. apríl næstkomandi og verða þeir sem hafa hugsað sér að taka út lífeyri að sækja um á fimmtudag í síðasta lagi, samkvæmt upplýsingum frá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Opnað var á úttekt séreignarsparnaðar til að gefa fólki leið til að bregðast við erfiðu fjárhagsástandi. Frestur til að sækja um hefur verið framlengdur einu sinni, og samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu stendur ekki til að framlengja hann aftur.

Að hámarki má taka út fimm milljónir króna. **- bj**



**ATKVÆÐAGREIÐSLA** Fólk getur kynnt sér upplýsingar um Icesave á nýjum kynningarvef. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Atkvæðagreiðsla um Icesave:

## Kosningavefur opnaður í dag

**KOSNINGAR Gert er ráð fyrir því að vefurinn thjodaratkvaedi.is verði opnaður í dag. Vefurinn er kynningarsíða Lagastofnunar Háskóla Íslands þar sem hægt verður að nálgast hlutlausar upplýsingar fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave. Kynningarefni verður svo dreift á hvert heimili 4. og 5. apríl.**

**Þá mun dreifing sérprentunar laganna hefjast í dag. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar verður lögð fram eigi síðar en á miðvikudaginn. - mmf**

# Ráðherrar skyldaðir til að ganga í takt

**Stjórnvöld á hverjum tíma fá aukið sjálfræði um skipulag Stjórnarráðsins og skiptingu verkefna milli ráðuneyta, samkvæmt nýju frumvarpi. Ráðherrum verður gert að samhæfa stefnu sína og aðgerðir. Óánægja er í ráðherraliði VG.**

**STJÓRNMÁL** Óánægju gætir í ráðherraliði VG með nýtt frumvarp til breytinga á lögum um Stjórnarráðið. Frumvarpið var kynnt og samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudag.

Eftir því sem næst verður komist lýstu tveir ráðherrar VG andstöðu við frumvarpið; Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. Jón mun hafa bókað andstöðu sína en Ögmundur samþykkt málið með fyrirvara.

Frumvarpið veitir meðal annars stjórnvöldum á hverjum tíma heimild til að skipuleggja Stjórnarráðið. Í gildandi lögum eru ráðuneytin talin upp en frumvarpið gerir ráð fyrir að aðeins verði kveðið á um hámarksfjölda ráðuneyta í lögunum. Stjórnvöld ákveði hvaða ráðuneyti skuli starfrækt.

Efla ber samhæfingu starfa milli ráðherra. Í þeim tilgangi er í frumvarpinu kveðið á um skyldu ráðherra til að leitast við að samhæfa stefnu sína og aðgerðir þegar málefni og málefnasvið skarast og auk þess kveðið sérstaklega á um skyldu forsætisráðherra til að hafa frumkvæði að samhæfingu starfa ef á þarf að halda.



**Á RÁÐHERRABEKKNUM** Nöfnurnar og ráðherrarnir Katrín Jakobsdóttir og Júlíusdóttir stinga saman nefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það einkum þetta sem fer fyrir brjóstið á gagnrýnendum í VG. Líta þeir svo á að með þessu ákvæði og þessum anda sé í raun verið að skylda hvern og einn ráðherra í ríkisstjórn Íslands til að fara í einu og öllu að vilja forsætisráðherra.

Við bætist að ætlunin er að veita forsætisráðherra vald til að ákveða skiptingu starfa milli ráðherra. Er í þeim efnum einkum horft til áforma um stofnun atvinnuvegaráðuneytis en það hefur verið eitt af hjartans málum Samfylkingarinnar en mætt andstöðu innan VG. Er kveðið á um þá breytingu í stjórnarsáttmálanum.

Verði frumvarpið að lögum þarf ekki sérstaka lagabreytingu til að koma atvinnuvegaráðuneytinu á fót; aðeins ákvörðun forsætisráðherra og samþykki ríkisstjórnarinnar.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að ráðherrar fái að ráða sér sérstakan ráðgjafa án auglýsingar, með sama hætti og þeir fá nú að ráða sér aðstoðarmenn.

Frumvarpið er byggt á niðurstöðum og tillögum sem settar voru fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, tillögum starfshóps sem forsætisráðherra skipaði um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndarinnar, skýrslu þingmannanefndar sem fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og tillögum nefndar um endurskoðun á lögum um Stjórnarráðið.

bjorn@frettabladid.is



**GRÍÐARLEG EYÐILEGGING** Öflugur jarðskjálfti skók Búrma í síðustu viku. Skjálftinn mældist 6,8 á Richter. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórir jarðskjálftar rannsakaðir:

## Hrinda ekki af stað fjarlægum stórskjálftum

**VÍSINDI, AP Stórir jarðskjálftar kalla ekki fram stóra jarðskjálfta annars staðar á jörðinni, að undanskildum eftirskjálftum í allt að níu hundruð kílómetra fjarlægð. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn, sem staðfestir það sem vísindamenn hefur flesta grunað þótt sumir hafi um það efast.**

**Rannsókninni stjórnaði Tom Parsons við Texasháskóla í El Paso. Hann rýndi í gögn um jarðskjálfta alls staðar á jörðinni árin 1999-2009.**

**Þetta tímabil voru 205 stórir skjálftar, sem mældust sjö stig eða meira, og 25.222 meðalstórir, sem mældust 5 til 7 stig. - gb**

Ölvunarakstur í Vatnsskarði:

## Ók aftan á bíl sem var á ferð

**LÖGREGLUMÁL** Ölvaður ökumaður ók aftan á bifreið sem var á ferð í Vatnsskarði á laugardag. Bifreiðin sem ekið var á var á 90 kílómetra hraða á klukkustund. Auk ölvaða ökumannsins voru tveir ölvaðir farþegar með honum í för. Engan sakaði. **- jma**




Lánardrottnar sagðir yfirgefa OR vegna orða Jóns Gnarr sem vísar slíku á bug:

# Ekki svaravert segir borgarstjóri

**REYKJAVÍKURBORG** „Við teljum þetta ekki svaravert,“ segir Björn Blöndal, aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra, spurður um frétt Stöðvar 2 í gærkvöld um að ein ástæða þess að illa gangi með endurfjármögnun lána Orkuveitunnar sé Facebook-færsla Jóns um að fyrirtækið sé „á hausnum“.

Stöð 2 sagði ummæli borgarstjórans hafa verið þýdd fyrir erlenda lánardrottna með þeim afleiðingum að helstu lánveitendur ætluðu ekki að endurfjármagna lán Orkuveitunnar.

Björn Blöndal segir Orkuveituna búa að traustu tekjustreymi. Vandinn sé skortur á lausafé vegna mikilla skulda. „Menn hafa verið að vinna hörðum höndum að því að gera áætlanir og finna lausnir á þessum lausafjárvanda og ég vona að það sjái fyrir endann á því fyrr en síðar,“ segir Björn.



**BJÖRN BLÖNDAL** Aðstoðarmaður borgarstjóra segir Jón Gnarr borgarstjóra ekki telja fullyrðingar um að hann hafi spillt fyrir endurfjármögnun Orkuveitunnar vera svaraverðar.

Verið er að ganga frá sölu nokkurra eigna Orkuveitunnar úti á landi. Þá er rætt um að frekari gjaldskrárhækkanir séu handan við hornið. Björn segist engu vilja svara um það. „Það væri óábyrgt af mér að segja til um slíkt núna.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, segir nú unnið að áætlun sem kynnt verði mjög bráðlega. „Það eru margar leiðir til að koma einu fyrirtæki fyrir vind. Orkuveitan er ekki að fara á hausinn,“ segir forstjórinn. **- gar**

# Láttu Nova græja upp farsímann þinn!

**Netið í símann!**
**Fylgir í áskrift** 150 MB/mán.
**20 kr. í frelsi** 5 MB/dag




**LG Optimus One**

**3.990 kr.**
**á mánuði í 12 mánuði**
**1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!**

**Staðgreitt: 44.990 kr.**

**iPhone 4**

**8.990 kr.**
**á mánuði í 18 mánuði**
**3.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!**

**Staðgreitt: 144.990 kr.**



## Hverjir eru hvar?

**María Birta Bjarnadóttir**, verslunareigandi og leikkona, notar **Foursquare** til að fylgjast með ferðum vina sinna. Foursquare er eitt vinsælasta og skemmtilegasta staðsetningar-forritið fyrir farsíma í heiminum í dag.



## Frábær myndavél!

**Gunnar Svanberg Skúlason** auglýsingaljósmyndari tekur líka myndir á iPhone. Með **Instagram** ljósmynda-forritinu er hægt að breyta myndunum og deila þeim með vinum sínum. Þú tekur mynd, velur áferðina og sendir á Facebook, Twitter eða Flickr.



## Hvað heitir lagið?

**Sigurður Guðmundsson** tónlistarmaður er með **Shazam** í farsímanum. Shazam getur sagt þér hvað lagið heitir sem þú ert að hlusta á. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag.



## Vasaþjálfarinn!

**Sara Björk**, landsliðskona í fótbolta, notar **RunKeeper** í farsímanum. RunKeeper er frábært íþróttaforrit sem heldur utan um þjálfunina og árangurinn. Runkeeper birtir upplýsingar um leiðina á götukorti, lengd í km, hraða og brennslu.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Ekkert mánaðargjald í frelsi en 490 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 25.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,03 | 114,57 |
| Sterlingspund | 183,57 | 184,47 |
| Evra | 161,43 | 162,33 |
| Dönsk króna | 21,641 | 21,767 |
| Norsk króna | 20,468 | 20,588 |
| Sænsk króna | 17,972 | 18,078 |
| Japanskt jen | 1,4028 | 1,4110 |
| SDR | 180,82 | 181,90 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9525

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innan við tuttugu prósent hafa gengið frá umsókn vegna endurútreiknings lána:

# Fyrirgera ekki rétti sínum

**VIÐSKIPTI** „Staðreyndin er sú að innan við tuttugu prósent þeirra sem fengið hafa endurútreikning húsnæðislána hafa gengið frá umsókn og sótt ráðgjöf," segir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka.

Í Fréttablaðinu á laugardag var sagt frá því að Íslandsbanki hefði enn ekki skilað útreikningi þriðjungs gengistryggðra húsnæðis- og bílalána þótt mánuður væri liðinn frá því fresturinn rann út.

Una segir að þegar búið sé að endurreikna gengislánin verði viðskiptavinurinn að panta sér tíma hjá ráðgjafa til að ljúka málinu. Viðskiptavinir Íslandsbanka sjá endurútreikninginn í heimabanka sínum.



**UNA STEINSDÓTTIR** Innan við tuttugu prósent hafa gengið frá umsókn vegna endurútreiknings. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við höfum líka verið að hringja í fólk og í mars voru útibúin opin lengur á fimmtudögum."

Innt eftir ástæðu þess að innan við tuttugu prósent sem fengið hafi endurútreikning hafi gengið frá umsókn segir Una: „Sumir halda að þeir geti fengið betri rétt en við umsóknina. En jafnvel þótt fólk gangi frá lánunum er það ekki búið að fyrirgera rétti sínum."

Una segir að unnið sé að því að endurútreikna þau lán sem eftir standi en það verk muni taka nokkrar vikur. - mmf

Biskupstungnabraut lokaðist:

# Einn beinbrotnaði í árekstri

**LÖGREGLUMÁL** Farþegi í fólksbíl slasaðist þegar fólksbíll og jeppi rákust saman á Biskupstungnabraut um tvöleytið í gær. Fólksbíllinn var á suðurleið en jeppinn á norðurleið þegar slysið átti sér stað. Engin hálka var á svæðinu.

Ökumaður fólksbílsins slasaðist lítillega. Fjórir voru um borð í jeppanum og hlutu þeir minniháttar meiðsl.

Lögreglan þurfti að loka Biskupstungnabraut um tíma vegna slyssins. - mmf

Mannbjörg við Akurey:

# Útskrifaður af gjörgæsludeild

**SLYS** Mannbjörg varð þegar bátur sökk norðan við Akurey á Sundunum við Reykjavík síðdegis á laugardag. Tveir menn voru um borð og náðu þeir að senda neyðarkall rétt áður en báturinn sökk.

Varðstjórar Landhelgisgæslunnar heyrðu kallið og ræstu samstundis út björgunarlið. Mönnunum var bjargað um borð í Höllu Jónsdóttur, björgunarbát Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Báturinn sökk skömmu síðar.

Mennirnir voru blautir og kaldir þegar þeim var bjargað. Annar var lagður inn á gjörgæsludeild Landspítalans en hann var útskrifaður í gær. Hinn var betur á sig kominn. - mmf



**OFNÆMISVALDAR** Egg geta valdið ofnæmi og því er mikilvægt að þeirra sé getið á matvælaumbúðum.

Kartöflu- og hrásalat úr sölu:

# Ófullnægjandi innihaldslýsing

**NEYTENDAMÁL** **Hrásalat og kartöflusalat frá Kjarnafæði hefur verið tekið úr sölu vegna ófullnægjandi innihaldslýsinga. Vörurnar innihalda egg en þess er ekki getið á umbúðunum. Þekkt er að egg geta valdið ofnæmi og óþoli hjá ákveðnum hópi neytenda.**

**Úrbót var gerð á innihaldslýsingum varanna frá og með 21. mars síðastliðnum. Vörum framleiddum fyrir þann tíma eru neytendur með eggjaofnæmi eða -óþol beðnir að farga eða hafa samband við Nonna litla ehf. vegna endurgreiðslu.** - jma



**HEITT MÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG og fjármálaráðherra, hafa tekið margar rimmur um skattamálin í þinginu síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# AGS metur hvort rétt sé að hækka vaskinn

**Hækkun neðra þreps virðisaukaskatts og hækkun bensínskatts eru meðal leiða til að auka tekjur ríkissjóðs, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Auðlindaskattar, umhverfisskattar og margt fleira er líka til skoðunar. Búast má við skýrslu í júlí.**

**EFNAHAGSMÁL** Fjögurra manna sérfræðinganefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um skattamál er stödd hér á landi til að ræða við stjórnvöld og hagsmunaaðila um skattkerfið og mögulegar breytingar á því. Í kjölfarið mun nefndin skila skýrslu um efnið.

Vinnan er liður í samstarfi stjórnvalda og AGS og fór hliðstætt starf fram á síðasta ári.

Meðal þess sem nefndin skoðar sérstaklega er hvort ráðlegt sé að hækka sjö prósenta virðisaukaskattsþrepið upp í 25,5 prósent.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom sú skoðun sérfræðinganna fram á fundi í vikunni að þeir telja hækkun neysluskatta vel athugandi. Þar er einkum átt við hækkun sjö prósenta þrepsins og hækkun skatta á eldsneyti. Telja þeir svigrúm til að hækka skatta á eldsneyti í því ljósi að þeir eru enn lægri hér á landi en víða í Evrópu.

Undir sjö prósenta virðisaukaskattsþrepið heyra nú til dæmis helstu matvæli, bækur, geisladiskar, heitt vatn og rafmagn. Þá hyggst nefndin leggja mat á skattlagningu, verðlagningu og úthlutun afnota af náttúruauðlindum og yfirfara ýmsa umhverfisskatta. Ráðleggingar um endurbætur á núverandi kerfi verða bornar fram í sumarskýrslunni.

Jafnframt verður lagt mat á þær breytingar sem stjórnvöld hafa gert á skattkerfinu, til dæmis þrepaskiptingu þess og hækkun fjármagnstekjuskatts. Vörugjöld verða líka yfirfarin og skipting skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga.

Eins og áður sagði er nefndin hér að ósk stjórnvalda, í samræmi við efnahagsáætlun og samstarf þeirra við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Nefndin er skipuð þremur starfsmönnum sjóðsins og einum starfsmanni alþjóðlegrar stofnunar um skattamál í Hollandi. Hún mun dvelja hér til mánaðamóta og viða að sér upplýsingum og eiga viðræður við stjórnvöld og stjórnmálamenn, embættismenn, samtök atvinnurekenda og launþega og aðra þá sem láta sig skattamál varða.

bjorn@frettabladid.is

Afstaða til hryðjuverkalaga:

# Meirihluti vildi stefna Bretum

**KÖNNUN** **Um 86 prósent landsmanna telja að stefna hefði átt breskum stjórnvöldum fyrir dóm vegna beitingar hryðjuverkalaga gegn Íslendingum í nóvember 2008.**

**Þetta er niðurstaða könnunar sem MMR gerði fyrir þjóðmálafélagið Andríki dagana 8. til 11. mars síðastliðinn.**

**Ekki var marktækur munur á afstöðu kynjanna. Þá taldi meirihluti í öllum aldurs-, menntunar-, tekju- og kynjahópum að stefna hefði átt Bretum.**

**Úrtak var 902 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára. Afstöðu tóku 72,7 prósent.** - mmf

Lögreglan á Norður-Jótlandi:

# Leitar þriggja ára drengs

**DANMÖRK** Lögreglan á Norður-Jótlandi leitar nú þriggja ára drengs sem hvarf í gærdag. Drengurinn, Holger Kragh, var á gangi með hópi fullorðinna, þar á meðal föður sínum, þegar hann hvarf. Hundruð sjálfboðalið, þyrlur og leitarhundar leituðu drengsins í gærkvöldi.

Að sögn lögreglu á Jótlandi er vonast til þess að drengurinn hafi lagt sig einhvers staðar en áður en hann hvarf kvartaði hann undan þreytu. Finnist hann hins vegar ekki fljótlega er hætta talin á því að drengurinn hafi dottið í einhvern af fjölmörgum vatnspyttum á svæðinu. - jma

**DÚBAÍ**

### Klífur hæsta byggingu heims

Alain Robert, 48 ára Frakki, ætlar í dag að klífa hæstu byggingu heims, Burj Khalifa turninn í Dúbaí. Turninn er 828 metrar á hæð. Áður hefur Robert klifið Eiffel-turninn og Óperuhúsið í Sydney.






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL ÚRKOMA** verður norðan og austan til í dag en nokkuð víða um land á morgun. Það fer svo eftir hitastiginu hvort um rigningu, slyddu eða snjókomu verður að ræða. Snjókoman verður norðan- og austanlands en rigningin um landið sunnanvert.




**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur víða um land.

**MIÐVIKUDAGUR**
Vaxandi vindur S- og V-lands þegar líður á daginn.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 14° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 6° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 2° |
| París | 17° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



## HP G62 - a38

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

# 139.900 kr.

**Örgjörvi:** Intel Core i3 350 **Harður diskur:** 500GB 7200 rpm **Skjár:** 15,6" HD LED BV, 1366x768 **Skjákort:** ATI Mobility Radeon HD 5470, 2714 MB 1GB DDR3 **Vinnsluminni:** 4 GB **Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.

# FERMINGAR VEISLA
## OK BÚÐARINNAR



### HP dv6 - 3163

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**189.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel© CoreT i5-460M
**Harður diskur:** 640GB SATA 5400 rpm
**Skjár:** 15,6" HD LED BV, 1366x768
**Skjákort:** ATI Mobility Radeon™ HD 5650, 2741 MB, 1GB DDR3
**Vinnsluminni:** 4 GB DDR3
**Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.



### HP Mini 210

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

**79.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel® Atom™ Processor N450
**Harður diskur:** 250GB 7200 rpm
**Skjár:** 10,1" WSVGA LED (1024x600)
**Skjástýring:** Intel® Graphics Media Accelerator 3150 **Vinnsluminni:** 1 GB
**Ábyrgð:** 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.



### Ipod Nano 8GB
**35.900 kr.**



### Flip MinoHD upptökuvél
**34.900 kr.**



### Sjónvarps-flakkarar
frá: **24.900 kr.**



### Heyrnartól
frá: **3.990 kr.**



### Minnislyklar
frá: **2.290 kr.**

* Skv. Gartner

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

start TÖLVUVERSLUN | TRS | omnis | et Eyjatölvur ehf. Verslun og tölvuþjónusta

VERT

OK búðin

Ok búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 570 1140 | www.okbudin.is

## KJÖRKASSINN



*Var rétt hjá Alþingi að setja á fót stjórnlagaráðið sem samþykkt var?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,9% |
| Nei | 60,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er vorið komið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Kristilegir demókratar missa meirihluta í sambandslandinu Baden-Württemberg:

# Áfall fyrir hægristjórn Merkel

**ÞÝSKALAND, AP** „Við höfum tryggt okkur sögulegan kosningasigur," sagði Winfried Kretschmann, leiðtogi Græningja í þýska sambandslandinu Baden-Württemberg, í gær.

Útgönguspár sýndu að Græningjar hafa tvöfaldað fylgi sitt og fengu 24 prósent atkvæða í kosningunum. Sósíaldemókratar töpuðu nokkru fylgi, en fengu þó rúm 23 atkvæða, sem gerir þessum tveimur vinstriflokkum kleift að mynda landsstjórn.



**GRÆNINGJAR FAGNA** Fyrstu útgönguspár sýndu sigur vinstriflokkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kristilegir demókratar hafa verið við völd samfleytt í Baden-Württemberg í nærri sextíu ár. Ósigur flokksins nú er því mikið áfall, einnig fyrir Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, sem er leiðtogi flokksins á landsvísu.

Græningjar þakka sigur sinn að verulegu leyti almennri andstöðu Þjóðverja við kjarnorkuver. Sú andstaða hefur magnast mjög í kjölfar hamfaranna í Japan og vandræðin í kjarnorkuverinu í Fukushima.

Merkel kanslari hefur þó ákveðið að standa við áform um að allri kjarnorkuvinnslu í landinu verði hætt innan tveggja áratuga. **- gb**

Staðan í Norður-Kóreu er ljós:

# Skipverjar fá að fara aftur heim

**SUÐUR-KÓREA, AP** Rauði krossinn segir að stjórnvöld í Suður-Kóreu hafi samþykkt að senda 27 Norður-Kóreubúa aftur til síns heima. Staða 31 Norður-Kóreubúa hafði verið óljós í um mánuð eftir að bát þeirra rak upp að ströndum Suður-Kóreu í byrjun febrúar.

Stjórnvöld óskuðu eftir skipverjarnir yrðu sendir aftur til Norður-Kóreu.

Suður-Kórea hefur tekið við yfir tuttugu þúsund Norður-Kóreubúum sem flúið hafa land frá 1953. **- mmf**


MasterCard

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF
MASTERCARD
KREDITKORTUM
LEITAÐU TIL OKKAR
– VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGARNIR

Hafðu samband. Við hjálpum þér að velja rétta kortið.

kreditkort.is | Ármúla 28

KREDITKORT


# Vilja kjarasamninga klára í lok vikunnar

**Forsvarsmenn SA og ASÍ vilja að ríkisstjórnin sýni lit svo ljúka megi kjarasamningum um næstu helgi. Aðeins lágar kauphækkanir leiða til aukningar kaupmáttar segir framkvæmdastjóri SA. Strandað geti á fiskveiðistjórnunarmálum.**

**KJARAMÁL** „Við stefnum að því að ljúka gerð kjarasamninga í næstu viku. Þess vegna er orðið mjög brýnt að það fari að sjást í ákvarðanir frá stjórnvöldum," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, tekur undir með Gylfa hvað snertir aðkomu stjórnvalda. Báðir nefna þeir þar fyrst aðgerðir og fjárfestingar í atvinnumálum. Einnig breytingar á lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna. „Tryggingafræðilegur halli á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna var um fimm hundruð milljarðar króna í árslok 2009. Og þetta gat er alltaf að stækka. Við viljum sjá því lokað," segir Vilhjálmur.

SA hefur boðið launahækkun upp á 7 til 8 prósent á þremur árum. „Við höfum algerlega hafnað því. Að sama skapi er alveg ljóst að svigrúmið til mikilla breytinga er þröngt," segir Gylfi. „Atvinnurekendur hafa viljað fá meiri vissu fyrir auknum framkvæmdum og umsvifum í hagkerfinu. Eina leiðin sem þeir hafa til að borga reikninginn er að auka umsvifin."

Spurður um launahækkanir segir Vilhjálmur ekki standa til að gera verðbólgusamninga. „Eftir því sem tölurnar eru lægri, þess líklegra er að við séum að tala um kaupmáttaraukningu," segir hann.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON OG VILHJÁLMUR EGILSSON** Stefna að því að ljúka kjarasamningum um næstu helgi. Krafa atvinnurekenda varðandi fiskveiðistjórnun og skortur á yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að örva hagkerfið er meðal þess sem stendur í vegi.

Samkomulag er um að launahækkanir sem um semst gildi afturvirkt frá 1. mars. Gylfi segir að greidd verði eingreiðsla sem nemi launahækkuninni fyrir mars, apríl og maí. „Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en um miðjan júní og þá að undangengnu því að Alþingi og stjórnvöld séu búin að efna það sem að þeim snýr. Það hefur verið ljóst að erfiðasti hjalli þessara viðræðna væri með hvaða hætti aðkoma stjórnvalda yrði," segir hann.

Vilhjálmur segir að nú verði hert á vinnunni. „Markmiðið núna er að klára þetta fyrir næstu helgi. Sumt er að ganga, annað gengur hægar og sumt hreyfist ekki," segir hann.

Af hálfu SA hefur verið sett fram krafa fyrir gerð kjarasamnings að samtökin fái aðkomu að gerð væntanlegs frumvarps um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Gylfi segir sjómenn og landverkafólk innan ASÍ einnig gera kröfu um að fá að koma að mótun sjávarútvegsstefnunnar þótt SA og ASÍ séu sammála um fátt í þessum efnum.

„Þessi mál eru ekki að hreyfast og við getum ekki unað því," segir Vilhjálmur, sem játar því að strandað geti á fiskveiðistjórnunarmálinu. „Það er alveg eins líklegt," svarar framkvæmdastjóri SA.

gar@frettabladid.is


„Ég tel...ólíklegt að við mundum vinna dómsmál vegna Icesave. ... Það er því heildarmat mitt að ekki sé rétt að hafna og segja nei við þessum samningi."

Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður
Alþingi 16. febrúar 2011



Já er leiðin áfram!

ÁFRAM!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða.* **ÁFRAM** *- Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*


Mikil geislavirkni hefur mælst í lofti og vatni í kjarnorkuverinu í Fukushima:

# Hreinsun tekur mánuði eða ár

**JAPAN, AP** „Við getum ekkert sagt sem stendur um það hve marga mánuði eða hve mörg ár það mun taka," sagði Sakae Muto, aðstoðarforstjóri orkufyrirtækisins TEPCO, sem rekur kjarnorkuverið í Fukushima, spurður hvenær búið yrði að hreinsa kjarnorkuverið svo engin hætta stafaði af geislamengun þar.

Geislavirkni mælist í vatni í fjórum kjarnaofnum versins, sums staðar langt yfir hættumörkum. Mengunin hefur borist um nágrennið, en um sjö hundruð manns vinna nú að því að halda menguninni í lágmarki. Sú vinna hefur gengið hægt og erfiðlega.

Í gær fullyrti orkufyrirtækið TEPCP, sem rekur kjarnorkuverið í Fukushima, að geislavirkni í vatni eins kjarnaofnsins hefði mælst tíu milljón sinnum meiri en eðlilegt þykir. Fáeinum klukkustundum síðar baðst fyrirtækið afsökunar og sagði þetta rangar tölur: geislavirknin hafi í raun mælst hundrað þúsund sinnum meiri en venjulega, sem engu að síður er mjög hátt.

Jarðskjálftinn 11 mars mældist 9 stig og hratt af stað allt að tíu metra hárri flóðbylgju. Hamfarirnar hafa kostað meira en tíu þúsund manns lífið, sem vitað er um, en að auki er meira en sextán þúsund manns saknað. **- gb**




**MÓTMÆLI Í TÓKÝÓ** Hópur fólks lét í sér heyra í gær fyrir utan höfuðstöðvar fyrirtækisins TEPCP í Tókýó, sem rekur kjarnorkuverið í Fukushima. NORDICPHOTOS/AFP

# LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

SPILUM SAMAN



## 15% afmælis-afsláttur af öllum lyfjum

Í tilefni af 15 ára afmæli Lyfju veitum við **15% afslátt** af hlut sjúklings í lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölu-lyfjum dagana **28. og 29. mars.**

## Náttúruleg slökun

15% afmælis afsláttur




Krampar, sinadráttur, svefnleysi og hormónaójafnvægi?
Betri slökun á meðan þú sefur.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

## Heelen

15% afmælis afsláttur



Verkjar þig í fæturna?
Heelen hefur að bjóða einfaldar lausnir við erfiðum vandamálum.
Ekki þjást að óþörfu.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

## VEGA vítamín

15% afmælis afsláttur




VEGA vítamín eru þekkt fyrir gæði og hafa hlotið fjölda viðurkenninga. Þau eru gæðavottuð samkvæmt GMP-stöðlum enda án rotvarnarefna, litarefna og bragðefna.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

## AstaZan

15% afmælis afsláttur




Lifestream AstaZan er eitt eftirsóttasta andoxunarefnið í dag. Sjúkraþjálfarar og íþróttafólk í fremstu röð mæla með því fyrir aukin liðleika og styrk, gott gegn harðsperrum og vöðvabólgu. Inniheldur lútein sem er vörn fyrir augu. Með AstaZan styrkist húðin og verður þéttari mýkri og fallega brún í sól.

*Tilboðið gildir til 11. apríl.*

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54198 03/11

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver hefur yfirumsjón með klæðaburði Vina Sjonna í Eurovison?*

2 *Hver vann keppnina Fyndnasti Verzlingurinn á dögunum?*

3 *Elizabeth Taylor vann til tvennra Óskarsverðlauna. Fyrir hlutverk í hvaða myndum?*

**SVÖR**

*1. Ragna Sigurjónsdóttir 2. Margrét Björnsdóttir 3. Myndirnar eru Butterfield 8 og Who´s is afraid of virginia woolf?*

Fylgismenn samþykktar Icesave-laga mynda Áfram-hópinn:

# Skiptir mestu að kynna sér málið

**ÞJÓÐMÁL** Stuðningsmenn þess að Icesave-lögin verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni í næsta mánuði hafa myndað baráttuhóp sem þeir kalla Áfram-hópinn.

Að sögn forsvarsmanna er hópurinn skipaður fólki af öllum stigum samfélagsins sem á það sammerkt að telja að þótt kostnaður geti hlotist af Icesave-samningnum sé hann léttvægur í samanburði við ávinninginn sem hljótist af því að koma atvinnulífinu af stað. Lykillinn að því sé að ljúka Icesave-málinu.

Björn Brynjúlfur Björnsson, talsmaður hópsins, segir í samtali við Fréttablaðið að mestu skipti að fólk kynni sér málið vel og taki ígrundaða afstöðu í framhaldinu.



**SEGJA JÁ** Áfram-hópurinn er myndaður af fólki sem telur Íslandi best borgið með því að samþykkja Icesave-lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er okkar trú að þeir sem fari vel ofan í málið muni frekar segja já."

Björn segir hópinn hafa fengið mjög góð viðbrögð frá því að þau komu fram.

„Það er eins og hafi opnast flóðgátt og fólk er ánægt með þetta átak. Svo sýnir líka könnun Capacent að nú er að draga aftur í sundur með fylkingum og fylgi við samninginn meðal almennings er að aukast."

Björn segir að á næstunni muni hópurinn leggja mest upp úr að ræða við fólk um málið og taka þátt í umræðunni. **- þj**

Sakfellingardómi snúið við:

## Sat saklaus í fangelsi í 21 ár

**SAN FRANCISCO, AP** Hinn 43 ára Maurice Caldwell, sem setið hefur í fangelsi í Kaliforníu í 21 ár, hefur verið látinn laus. Sakfellingardómi hans var snúið við á síðasta ári.

Saksóknarar vildu láta rétta yfir Caldwell aftur en dómari úrskurðaði á föstudag að hann skyldi látinn laus þar sem sönnunargögnum hefði verið eytt. Dómari áréttaði að Caldwell skyldi njóta réttlátrar málsmeðferðar. Caldwell var sakfellwdur fyrir morð á Judy Acosta og fjölskylda hennar trúir enn að Caldwell sé sekur. **- mmf**


16-25 ára - Ofþyngd / Offita

**Heilsulausn 1** - Hentar ungu fólki, 16-25 ára, sem glímir við ofþyngd, offitu og/eða einkenni frá stoðkerfi

**Stelpur:** Þri og fös kl: 16.30
**Strákar:** Þri og fös kl: 17.30
**Átta vikur** – takmarkaður fjöldi
**Hefst 4. apríl** – Kynningarverð kr. 44.000

Að námskeiðinu standa íþróttafræðingur, hjúkrunarfræðingur, næringarfræðingur og sálfræðingar! Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is


**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Peningakassa stolið

Brotist var inn á verkstæði á Flötunum í Garðabæ um hádegisbilið í gær. Peningakassa með hundrað þúsund krónum var stolið. Þjófurinn komst inn á verkstæðið um glugga á hlið hússins. Málið er í rannsókn hjá lögreglu.

### Range Rover brann

Range Rover jeppi brann til kaldra kola í Hveragerði um klukkan sex í gærmorgun. Eldsupptök eru ókunn en bíllinn er gjörónýtur. Málið er í rannsókn hjá lögreglu.

### Unglingar sendir heim

Í kringum tuttugu unglingum var vísað út af skemmtistaðnum Re-Play á laugardagskvöld. Þeir reyndust allir vera undir lögaldri. Að auki hafði lögreglan afskipti af tveimur minniháttar líkamsárásum, annarri í miðbænum og hinni í Grafarvogi.



**FEÐGAR LESA SAMAN** Guðmundur Sverrir Þór ásamt syni sínum Jóni Þórarni. Guðmundur Sverrir sendi nýlega frá sér barnabókina Sjandri og úfurinn.


SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands



Átt þú rétt á endurgreiðslu vegna dvalar á sjúkrahóteli?

www.sjukra.is

Sjúkratryggingum Íslands hefur verið falið að endurgreiða kostnað sjúkratryggðra sem dvöldu á sjúkrahótelinu Lind á tímabilinu 15. september 2005 til og með 30. september 2009.

Teljir þú þig eiga rétt á endurgreiðslu vegna dvalar á sjúkrahótelinu á þessu tímabili hvetjum við þig til að senda rafræna umsókn þess efnis, sem finna má á vef stofnunarinnar **www.sjukra.is**, eða hafa samband við þjónustumiðstöð í **síma 515-0000**.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2011.


# Hagfræðingur svarar syni í bók fyrir börn

**Guðmundur Sverrir Þór, doktorsnemi í hagfræði, er höfundur nýrrar barnabókar, Sjandri og úfurinn, sem kom út fyrir nokkrum vikum. Önnur bók um Sjandra litla er í smíðum hjá hagfræðingnum.**

**FÓLK** „Ég fann að mig langaði að prófa að skrifa bók fyrir börn en spurning sonar míns, sem ég gat ekki svarað, varð kveikjan að sögunni," segir Guðmundur Sverrir Þór, doktorsnemi í hagfræði og höfundur nýrrar barnabókar, Sjandri og úfurinn, sem kom út um miðjan marsmánuð.

Guðmundur er doktorsnemi í hagfræði við sænska landbúnaðarháskólann í Uppsölum og starfar sem blaðamaður á Viðskiptablaðinu meðfram nám. Hann segist jafnvel sjá fyrir sér að skrifa jöfnum höndum um hagfræði og sögur fyrir börn á næstunni. Barnabókin, sem er hans fyrsta, verði líklega ekki sú síðasta.

„Ég er með aðra bók í smíðum þar sem söguparsónan verður áfram hinn fróðleiksfúsi gamli Sigurjón Andri, eða Sjandri. Hann spyr spurninga sem í fyrstu líta út fyrir að vera auðsvarað en það kemur svo á daginn að svörin liggja ekki í augum uppi. Sjálfur keppti ég í liði míns gamla menntaskóla í spurningakeppninni Gettu betur og það ergði mig svolítið að hafa ekki svar á reiðum höndum við einfaldri spurningu sonar míns – til hvers úfur væri. Leit mín að svarinu varð til þess að mér datt í hug að skrifa barnasögu þannig að það má segja að sonur minn hafi veitt mér innblástur."

> Jú, ég hugsa að það sé óvenjulegt að hagfræðingar skrifi barnabækur en ég hef aldrei séð annað fyrir mér en að starfa við skriftir.
>
> **GUÐMUNDUR SVERRIR ÞÓR**

Bókina skrifaði Guðmundur árið 2007 en gaf hana ekki út strax, þar sem leit að myndskreyti fyrir söguna varð lengri en hann hélt.

„Það endaði á því að fyrrverandi vinnufélagi minn, Andrés Andrésson, gerði teikningar sem pössuðu vel við söguna og þá lá beint við að koma henni út. Jú, ég hugsa að það sé óvenjulegt að hagfræðingar skrifi barnabækur en ég hef aldrei séð annað fyrir mér en að starfa við skriftir, og þá alveg eins bókaskrif eins og blaðaskriftir." **juliam@frettabladid.is**



**ÁNÆGÐUR MEÐ VEIÐINA** Þessi veiðimaður í Sómalíu brosti breitt þar sem hann bar nýveiddan sverðfisk á bakinu á markað í höfuðborginni Mogadishu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Northern Lights Energy fær umboð fyrir rafbíla frá Liberty Electric Cars:

# Selja rafjeppa fyrir 4,5 milljarða

**VIÐSKIPTI** Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Northern Lights Energy (NLE) hefur samið við breska fyrirtækið Liberty Electric Cars um að selja rafknúna jeppa af gerðinni Liberty E-Range á Norðurlöndunum. NLE mun selja 150 bíla á næstu fjórum árum, en samningurinn er að upphæð 24 milljóna punda, sem jafngildir tæplega 4,5 milljörðum króna.

Sighvatur Lárusson, framkvæmdastjóri NLE, segir í samtali við Fréttablaðið að um sé að ræða Range Rover-bifreiðar sem séu útbúnar drifbúnaði frá Liberty.



**RAFJEPPI** NLE hefur samið við framleiðendur um að selja 150 E-Range jeppa á næstu fjórum árum.

„Við stefnum á að fá sýningarbíl hingað til lands fyrir 17. júní og héðan munum við fara til Noregs og Færeyja," segir Sighvatur.

Hann segir aðspurður að hann búist ekki við mikilli sölu hér á landi.

„Ég held ekki að það sé mikil sala á Range Rover á Íslandi á næstu árum. Við viljum endilega selja bíla hérna, en við gerum ekki ráð fyrir að það verði stórsala."

Sighvatur bætir því við að rafbílar séu sífellt að ryðja sér betur til rúms og mikill áhugi sé hér á landi. NLE sé þegar með umboð fyrir nokkur rafbílafyrirtæki.

„Til dæmis Smith, AMP, REVA og fleiri sem við munum kynna síðar." - þj

Hálfíslenskur formaður valinn:

# Stýrir dönskum kúabændum

**DANMÖRK** Hálfíslenskur maður, Kjartan Poulsen, er nýkjörinn formaður LDM, landssambands danskra kúabænda (Landsforeningen af Danske Mælkeproducenter). Fram kemur á vef Landssambands íslenskra kúabænda að móðir Kjartans sé íslensk.

Kjartan er sagður reka lífræna mjólkurframleiðslu í samvinnufélagi með Preben Lauridsen, en búið telji 400 kýr og 850 hektara.

Kjartan hefur verið í stjórn LDM frá 2006 og séð um erlend samskipti samtakanna. - óká






# Uppreisnarmenn ná tveimur olíuborgum

**Uppreisnarmönnum vex ásmegin í skjóli loftárása NATO. Harðar árásir hófust í gærkvöld bæði á höfuðborgina Trípolí og á heimabæ Gaddafís, Sirte. Samið hefur verið um að NATO taki við yfirstjórn hernaðarins af Bandaríkjunum.**

**LÍBÍA, AP** Uppreisnarmenn í Líbíu náðu aftur á sitt vald í gær tveimur mikilvægum olíuframleiðsluborgum, Brega og Ras Lanúf, sem stjórnarher Múammars Gaddafí hafði náð úr höndum þeirra fyrir nokkru.

Þar var framleitt megnið af þeirri olíu sem Líbíumenn seldu til Evrópu áður en olíuframleiðslan stöðvaðist að mestu vegna átakanna síðustu vikur.

Erfitt verður þó fyrir þá að hefja olíuvinnslu á ný. Erlendir olíustarfsmenn og erlendir sérfræðingar, sem hafa haldið framleiðslunni gangandi, eru flúnir úr landi. Óvissan torveldar einnig gerð nýrra olíusölusamninga.

Lið uppreisnarmanna hélt síðan áfram sókn sinni til vestur, í áttina að höfuðvígi Gaddafís í Trípolí.

Uppreisnarmönnum hefur vaxið mjög ásmegin síðustu daga í kjölfar harðra loftárása Vesturlanda á liðsmenn Gaddafís.

Í gærkvöld hófust harðar árásir, bæði á höfuðborgina Trípolí, þar sem Gaddafí hefur höfuðstöðvar, og á heimabæ Gaddafís, Sirte. Þetta er í fyrsta sinn sem loftárásir eru gerðar á Sirte.

Átök héldu einnig áfram í borginni Misrata í vesturhluta landsins, ekki langt frá Trípolí.

Norðuratlantshafsráðið samþykkti í gær, átta dögum eftir að árásirnar hófust, að taka við yfirstjórn allra hernaðaraðgerða í Líbíu af Bandaríkjamönnum, sem ætla þó áfram að taka þátt í hernaðinum.

Bandaríkjastjórn hefur þó hug á að draga nokkuð úr þátttöku sinni, um leið og hún afhendir yfirstjórnina í hendur NATO.



**UPPREISNARMENN FAGNA** Þeir náðu olíuborgunum Ras Lanúf og Brega á sitt vald í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að útskýra afstöðu Bandaríkjamanna í ávarpi til þjóðar sinnar í kvöld. Þingmenn beggja flokka á Bandaríkjaþingi hafa gagnrýnt þátttöku Bandaríkjanna í hernaðinum, meðal annars á þeim forsendum að Obama hafi ekki borið þátttöku þeirra undir þingið.

„Við munum byrja að draga úr þátttöku okkar," sagði Robert Gates, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem frá upphafi hefur verið efasemdarmaður um gildi loftárása á Líbíu. Hann sagði árásirnar til þessa hafa þegar skilað þeim árangri að hægt yrði að framfylgja loftferðabanni. Hins vegar viðurkenndi hann að slíku banni gæti þurft að framfylgja í nokkuð langan tíma. Hve lengi það yrði vissi ekki nokkur maður.

gudsteinn@frettabladid.is


„Með lausn Icesave mun aðgangur fyrirtækja að erlendu fjármagni opnast að nýju og við getum borið höfuðið hátt í samfélagi þjóða."

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors






Já er leiðin áfram!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. ÁFRAM - Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Auglýsing um framlagningu kjörskráa**

Kjörskrár vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun laga nr. 13/2011, sem fram fer laugardaginn 9. apríl 2011, skulu lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 30. mars næstkomandi. Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað. Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

Þeim sem vilja gera athugasemdir við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn. Athygli er vakin á því að sveitarstjórn getur allt fram á kjördag gert leiðréttingar á kjörskrá, ef við á.

Innanríkisráðuneytið,
28. mars 2011.


Nýr í stjórn Framtakssjóðsins:

# Jón Steindór í stað Ragnars

**VIÐSKIPTI** Jón Steindór Valdimarsson hefur tekið sæti í stjórn Framtakssjóðs Íslands. Hann er fulltrúi Lífeyrissjóðs verslunarmanna í stjórninni. Nýverið gekk úr stjórninni Ragnar Önundarson.



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**

Jón Steindór er lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Hann starfaði hjá Samtökum iðnaðarins frá 1988 til 2010, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri, en seinustu þrjú árin var hann framkvæmdastjóri samtakanna.

Í tilkynningu Framtakssjóð segir að Jón Steindór hafi gegnt viðamiklum trúnaðarstörfum á sviði atvinnulífs, setið í stjórnum fyrirtækja, stofnana og félaga. - óká


20% afsláttur af kösturum
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
7.192
Verð áður 8.990
5.592
Verð áður 6.990
5.592
Verð áður 6.990
7.192
Verð áður 8.990
4.392
Verð áður 5.490
4.392
Verð áður 5.490
2.392
Verð áður 2.990
4.392
Verð áður 5.490
2.796
Verð áður 3.495
1.996
Verð áður 2.495
3.196
Verð áður 3.995
6.392
Verð áður 7.990
3.192
Verð áður 3.990
6.392
Verð áður 7.990
10.352
Verð áður 12.940
4.767
Verð áður 5.959
7.967
Verð áður 9.959
1.196
Verð áður 1.495
1.596
Verð áður 1.995
2.396
Verð áður 2.995
3.996
Verð áður 4.995
1.196
Verð áður 1.495
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## FRÉTTASKÝRING: Atvinnuleysi á Íslandi

7. hluti













**7.759** fluttu frá landinu árið 2010 en **10.612** árið 2009

**12.528** útlendingar fluttu til Íslands árið **2007**

Tölfræðiheimildir: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

# Öfgar uppsveiflu og kreppu

Eitt einkenni hrunsins er búferlaflutningar Íslendinga og erlends vinnuafls sem hingað dreif að á þensluárunum. Flutningarnir hverfast um tvö lönd; Pólland og Noreg. Miklar breytingar á vinnumarkaði virðast ekki hafa valdið andúð í garð útlendinga hér.

Fá ef nokkur dæmi eru til um viðlíka vöxt hagkerfis eins og þess íslenska á árunum eftir 2003 og fram að hruni. Þenslunni fylgdi gríðarleg eftirspurn eftir vinnuafli. Á tiltölulega stuttum tíma sköpuðust fjölmörg góð og vel launuð störf fyrir Íslendinga og útilokað var að viðhalda uppbyggingu á fjölmörgum sviðum án erlends vinnuafls. Útlendinga dreif að til að manna störf sem Íslendingar gátu ekki sinnt eða vildu ekki sinna.

Aðflutningur erlends vinnuafls náði hámarki árið 2007, þegar yfir tólf þúsund manns fluttu hingað til lands. Í árslok 2008 voru yfir 24 þúsund erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi og um 85 prósent þeirra voru í vinnu, samkvæmt opinberum tölum. Sögulega hefur hlutfallslegur fjöldi útlendinga á Norðurlöndum verið minnstur á Íslandi en svo brá til árið 2007 að þetta hafði snúist við og hlutfallið var hvergi hærra en hér.

### Góðir gestir

Það er einkenni erlends vinnuafls á Íslandi hversu lítil dreifing þess er á vinnumarkaði. Flestir inna af hendi störf sem krefjast ekki mikillar sérþekkingar eða kunnáttu í íslensku. Ef litið er fimmtán ár aftur í tímann mátti helst finna erlenda ríkisborgara við fiskvinnslu úti á landi en lunginn af þeim þúsundum sem hér voru við störf á tímabilinu 2003 til dagsins í dag hafa helst unnið við mannvirkjagerð, við fiskvinnslu og þjónustustörf, einkum ræstingar og umönnun.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, benti á þetta í grein í Viðskiptablaðinu árið 2006 þar sem hún reifar hvernig þróunin var eftir 1995. Atvinnuleysi var þá meira en hafði þekkst um langt skeið. Á árunum 1998 til 2001 fjölgaði störfum um ellefu þúsund og eitt af hverjum fjórum var mannað af útlendingi, áætlaði Katrín. Frá 2003 til 2007 fjölgaði störfum enn meira og hlutfallslega fleiri útlendingar hrepptu þau en árin á undan. Það er því ljóst að aðflutningur erlendra ríkisborgara var á þessu árabili drifinn af eftirspurn sem var langt umfram það sem íslenskur vinnumarkaður gat borið.

> Ef þeir færu hefðu þeir enga framfærslu. Það er því illskárra að hanga hér á bótum.
>
> GERÐUR GESTSDÓTTIR
> RÁÐGJAFI Á VINNUMÁLASTOFNUN

### Árið 2006

Hafa ber í huga að um mitt ár 2006 opnaðist vinnumarkaður Evrópska efnahagssvæðisins fyrir tíu nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Íslendingar höfðu nýtt sér frestun á opnun vinnumarkaðarins árið 2004 og því komu áhrifin seinna fram en ella. Bretar, Svíar og Írar höfðu hins vegar ákveðið að opna fyrir vinnuafl um leið og það var heimilt með inngöngu ríkjanna og sprenging varð í innflutningi fólks. Í Bretlandi fjölgaði innfluttum úr fjórtán þúsund í 75 þúsund á milli ára. Fjórir af hverjum fimm voru frá nýju aðildarríkjunum, þeirra á meðal frá Póllandi og Litháen.

### Heppilegur tími

Hagfræðingar hafa bent á að opnun vinnumarkaðarins kom til á heppilegum tíma fyrir Íslendinga. Hagkerfið var að hjarna við eftir stutta lægð og móttækilegt fyrir nýju vinnuafli. Íbúar í Mið- og Austur-Evrópu nýttu tækifærið vel og voru sjötíu prósent allra erlendra ríkisborgara hér á landi frá þessum heimshluta þegar allt toppaði hér árið 2007. Við inngang ríkjanna í ESB árið 2004 var hlutfall íbúa nýju ríkjanna um fimmtán prósent hér á landi. Ísland var góður kostur fyrir þetta fólk, þar sem munur á launum og atvinnuframboði var gríðarlegur. Svo mikill að fjarlægðir frá heimalandi og framandi tunga eyjarskeggja var engin hindrun.

### Atvinnuleysi útlendinga

Öfgar uppsveiflu og kreppu koma skýrt fram hjá þeim sem hingað ákváðu að sækja vinnu. Árið 2007 var atvinnuleysi á meðal útlendinga lægra en Íslendinga. Þetta hlýtur að teljast eðlilegt, þar sem ástæðan fyrir veru þessa hóps í landinu var vinnan. Þegar atvinnuleysið náði hæstu hæðum í mars og apríl 2009 var það fjórtán prósent meðal útlendinga en níu prósent á meðal Íslendinga. Þessi hlutföll hafa haldist að mestu leyti síðan. Engan skal undra þegar litið er til þeirra greina sem harðast urðu úti í hruninu. Atvinnuleysi í byggingariðnaði náði þrjátíu prósentum í apríl 2009 og ljóst var að greinin var með öllu hrunin hérlendis.

### Búferlaflutningar

Árið 2009 mun fara í sögubækurnar fyrir margra hluta sakir en ekki síst fyrir þá sök að þá fluttu fleiri einstaklingar frá landinu en áður í sögunni. Leita þarf aftur til ársins 1887 til að skipa í annað sætið hvað fjölda snertir. Þegar tölur um aðflutta og brottflutta eru rýndar kemur í ljós að 4.835 fleiri fluttu frá landinu en til þess. Frá landinu fluttu níu af hverjum tíu til Evrópu, þar af 2.818 til Póllands, eða tæp 27 prósent. Til Noregs fluttu rúmlega fimmtán hundruð manns.

Mjög dró úr brottflutningi af landinu árið 2010 en þá fluttu 2.134 fleiri frá landinu. Flestir þeirra sem fluttu af landi brott fóru til sömu landa og árið áður, Noregs og Póllands. Reyndar má segja að streymi fólks til og frá þessum tveimur löndum gangi eins og rauður þráður í gegnum búferlaflutninga fyrir og eftir hrun.

### Pólskar öfgar

Þótt töluvert hafi verið um brottflutning útlendinga í kjölfar kreppunnar má halda því fram með rökum að hann sé minni en búast hefði mátt við fyrir fram. Kemur það til af því að verulegur samdráttur hefur einnig orðið í þeim ríkjum sem útlendingarnir hafa einkum komið frá síðustu ár. Eins og áður sagði er áætlað að árið 2007 hafi verið um eða yfir tuttugu þúsund útlendingar á vinnumarkaði. Tæpur helmingur þeirra var Pólverjar. Árið 2006 voru þrettán Pólverjar á atvinnuleysisskrá en í lok febrúar síðastliðnum voru alls 2.375 erlendir ríkisborgarar án atvinnu, þar af 1.428 Pólverjar, eða 61 prósent þeirra útlendinga sem þá voru á skrá. Félagsvísindastofnun komst að því í janúar að tæpur helmingur allra þeirra sem þáðu mataraðstoð hjá hjálparsamtökum í nóvember var Pólverjar; 91 prósent þeirra var án atvinnu.

### Fordómar

Ekki þarf að leita lengi til að finna rannsóknir um fordóma sem fylgja breytingum á vinnumarkaði. Enginn lítur tvisvar í áttina að útlendingi í góðri vinnu á meðan hann hefur það gott sjálfur. Vægi þessa sama starfs breytist hins vegar fljótt hjá þjóð sem glímir við mesta atvinnuleysi í sinni sögu. Eða hvað?

Gerður Gestsdóttir hefur um nokkurra ára skeið komið að málefnum útlendinga í störfum sínum sem ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun og áður Alþjóðahúsi. „Ég greini ekki aukna andúð í garð útlendinga en það er sannarlega mismunun á vinnumarkaði. Atvinnurekendur velja frekar atvinnulausa Íslendinginn.“

Gerður segir það sorglegt hversu margir útlendingar komist ekki heim. „Það er vegna þess að þeir sem hafa unnið hér árum saman eiga rétt á atvinnuleysisbótum sem þeir nýta til að framfleyta fjölskyldu í heimalandinu. Ef þeir færu hefðu þeir enga framfærslu. Það er því illskárra að hanga hér á bótum, vonlítill um að fá vinnu og við ömurlegar félagslegar aðstæður, en að fara heim og fá ekki neitt.“

### Tap samfélagsins

Þegar horft er til flutninga frá landinu má sjá þá í tvennu ljósi. Það getur verið jákvætt að einstaklingur fari í víking og afli sér nýrrar þekkingar og reynslu sem nýtist samfélaginu síðar. Ekki má gleyma því að mikill mannauður er fyrir í landinu sem fékkst með ungu fólki sem leitar sér menntunar víða um heim. Það þýðir líka minna álag á bótakerfin heima fyrir og færri eru um störfin. Hins vegar er hætt við að missa ungt og vel menntað fólk um lengri tíma, sem er mikil blóðtaka fyrir litla þjóð, og má minna á umræðuna í samfélaginu um að íslenskir læknar fari eða komi ekki aftur úr námi. Hættan liggur í langvarandi atvinnuleysi, auknum atgervisflótta því fylgjandi og erfiðri varnarbaráttu íslensks samfélags í framhaldinu.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



**Sjöundi hluti af níu**
Næsta grein: Atvinnusókn með nýsköpun

TASKI vélar á kynningarverði



TASKI by Diversey
Nýr sölu- og þjónustuaðili á Íslandi
Öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta
Sími 510 1200
www.tandur.is
TANDUR - þegar hreinlæti skiptir máli
ATARNA

HotYoga.is



# HotYoga er gott fyrir bakið!

Allar æfingar í hot yoga styrkja vöðvana í kringum hrygginn og henta öllum sem vilja losna við aukakílóin og móta líkamann.

## 6 vikna námskeið hefjast 4. & 5. apríl



90 mínútna tímar

**1. Hot Yoga síðdegi I**
**mán + mið + fös kl: 17.30**
**verð: 19.900 kr.**

**2. Hot Yoga kvöld I**
**mán + mið kl: 19.15**
**verð: 14.900 kr.**

**3. Hot Yoga - kvöld II**
**þri + fim kl: 20.00**
**verð: 14.900 kr.**

60 mínútna tímar

**4. Hot Yoga morgnar**
**mán + mið + fös kl: 6:15**
**verð: 14.900 kr.**

ATH! breyttur tími

**5. Hot Yoga dagur**
**mán + mið + fös kl: 10.00**
**verð: 14.900 kr.**

**6. Hot Yoga kvöld III**
**mán + mið kl: 21.00**
**verð: 13.900 kr.**

**7. Hot Yoga síðdegi II**
**þri + fim kl: 17.30**
**verð: 13.900 kr.**

**8. Hot Yoga kvöld IIII**
**þri + fim kl: 18.45**
**verð: 13.900 kr.**

**Ótakmarkaður aðgangur að allri aðstöðu sem og öllum opnum hóptímum fylgir námskeiðagjaldi**

Umsjón og aðalkennari: Jóhanna Karlsdóttir
aðrir leiðbeinendur: Gyða Pétursdóttir & Þórunn Unnarsdóttir

Nánari upplýsingar og skráning í s: 564-4050
eða gunnhildur@sporthusid.is

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

**DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breyting á stöðu Bændasamtakanna er nauðsynleg, burtséð frá ESB-aðild.

## Fyrirsláttulok?

Ríkisendurskoðun tekur í nýrri skýrslu undir með þeim sem hafa gagnrýnt samkrull ríkisvaldsins og Bændasamtakanna. Margir hafa talið í hæsta máta óeðlilegt að hagsmunasamtökum sé falið að úthluta ríkisstyrkjum til félagsmanna sinna og hafa jafnframt eftirlit með úthlutuninni. Sama á við þegar hagsmunasamtökin safna hagtölum um landbúnaðinn fyrir hönd ríkisins, en á slíkum tölum geta stjórnvöld þurft að byggja ákvarðanir sem snerta hagsmuni bænda. Kerfið býður annars vegar upp á hagsmunaárekstra og hins vegar að hagsmunasamtökin verði í raun sá sem valdið hefur og segi ríkisvaldinu fyrir verkum.


SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Ríkisendurskoðun bendir einmitt á hættuna á hagsmunaárekstrum og telur ríkisvaldið hafa ónógt eftirlit með þeirri starfsemi sem Bændasamtökunum hefur verið falin. Stofnunin leggur til að ríkið taki ýmis stjórnsýsluverkefni úr höndum Bændasamtakanna, þar á meðal hagskýrslugerðina og eftirlit með því að úthlutun framlaga til landbúnaðarins sé í samræmi við lög og reglur. Ríkisendurskoðun vill eyða óvissu um þær lagalegu skyldur sem Bændasamtökunum eru lagðar á herðar með samningum við ríkið, til dæmis hvort ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og fleiri lagabálka eigi við. Loks leggur Ríkisendurskoðun til að Matvælastofnun „annist sjálf stjórnsýsluverkefni á ábyrgðarsviði sínu, s.s. eftirlit, ráðstöfun á almannafé, upplýsingagjöf og umsjón skráa um rétthafa greiðslumarks, en ekki Bændasamtökin“.

Allar virðast þessar breytingar í raun borðleggjandi. Það getur engan veginn talizt eðlilegt að hagsmunasamtök sýsli með almannafé og hafi eftirlit með sjálfum sér.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardaginn að samtökin „hefðu ekkert á móti því að losna við eitthvað af þessum verkefnum“. Það væri hins vegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu komið að svara því hvort annað fyrirkomulag kynni að vera betra.

Hér kveður við allt annan tón en þegar Búnaðarþing dró á dögunum upp „varnarlínur“ sínar vegna aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið. Þar sagði að kæmi til ESB-aðildar yrði að tryggja **samtökum bænda „sambærilega stöðu og nú“** og sjá til þess að þau fengju áfram ríkisstyrki. Þetta eru væntanlega viðbrögð við því að af hálfu Evrópusambandsins hafa verið gerðar athugasemdir við stöðu Bændasamtakanna; bæði að þau úthluti ríkisstyrkjum og að þau sjái um hagskýrslugerð.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar undirstrikar hins vegar að breytingar á stöðu Bændasamtakanna eru nauðsynlegar, hvort sem kemur til ESB-aðildar eða ekki. Og viðbrögð formanns Bændasamtakanna nú sýna að „varnarlínur“ bænda og áhyggjur þeirra af „aðlögun“ að reglum ESB í þessu efni eru fyrirsláttur. Er ekki tímabært að hætta honum?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Vorkort í heilsurækt

Aðeins kr. 9.900,-



Gildir til 1. júlí 2011
Eingungis selt í dag og á morgun (28. og 29. mars)

**Taktu næsta skref í átt að betri heilsu!**

HEILSUBORG

Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!

*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einfalt

Illugi Jökulsson er í hópi þeirra manna sem jafnan eiga auðvelt með að orða hugsanir sínar. Hann skrifaði um stjórnlagamálin á vefinn sinn um helgina en hann var kjörinn til setu á stjórnlagaþingi og ætlar að taka sæti í stjórnlagaráði. „Ég er þarna af því kosningin í haust fór eins og hún fór, og ég sæki umboð mitt til þjóðarinnar. Púnditar hjá Agli eða í Kastljósi eða hvar sem er, þeir geta talað sig bleika um „veikt umboð“ stjórnlagaráðsins, en ég gef ekki hót fyrir það. Við sem þar munum sitja gerum það í umboði þjóðarinnar, og ekki orð um það meir.“



### Skrýtin lög

Innanríkisráðuneytið uppfyllir í dag þá lagaskyldu sína að senda Icesave-lögin sem þjóðaratkvæðagreiðslan 9. apríl snýst um inn á öll heimili. Sú skylda er út af fyrir sig nokkuð sérkennileg því lögin sem slík eru lítt upplýsandi. Efnislega segir aðeins í þeim að þau veiti fjármálaráðherra heimild til að undirrita og þar með efna samninga sem gerðir voru við Breta og Hollendinga 9. desember. Varla er mikið gagn í því fyrir óákveðna.

### Fáum það á hreint

Margir eru þeirrar skoðunar að ýmislegt er varðar umsóknina um aðild að Evrópusambandinu sé ýmist í þoku eða á huldu. Eitt af því er styrkir frá ESB til Íslands. Nú hefur Birgir Ármannsson lagt fram ítarlega fyrirspurn um það í þinginu. Vill hann að utanríkisráðherra geri grein fyrir hverri einustu evru sem borist hefur frá Brussel, óskað hefur verið eftir og til stendur að óska eftir. Svörin verða forvitnileg, hver sem þau verða.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR





## Á barnið mitt að borga Icesave III?


Icesave



**Þórhallur Hákonarson**

fjármálastjóri


Ég eignaðist mitt annað barn fyrir nokkrum dögum. Fimm dögum síðar fór ég með barnið í skoðun á Landspítalanum. Þetta væri nú ekki í frásögur færandi á þessum síðum nema vegna þess að á meðan barnalæknirinn er að skoðaði barnið og upplýsa stolta foreldrana um að barnið sé alheilbrigt og á allan hátt til fyrirmyndar, þá spyr hann okkur, hvort við ætlum að láta þetta barn axla byrðarnar af Icesave. Aldrei þessu vant varð ég kjaftstopp, ég hafði bara ekki gert ráð fyrir þessu umræðuefni við þessar kringumstæður. Að venju varð frúin sneggri til og svaraði því til að við værum að hugsa um að kjósa með Icesave í þetta skiptið. Læknirinn sagði þá (eins og hann væri að tala við barnið) að foreldrarnir ætluðu að láta hana borga.

Ég er ekki lögfræðingur og get því litlu bætt við um hvort okkur beri skylda til að greiða Icesave-reikningana frá lagalegu sjónarmiði. Ég veit þó af reynslu af fyrri störfum mínum að ef mögulegt er að semja á viðunandi hátt þá er það besta lausnin því maður skal aldrei gefa sér niðurstöðu dómstóla fyrirfram.

Ég var á móti Icesave I og II. Ég taldi þá samninga vonda. Það var sama hvað Þórólfur Matthíasson og félagar reyndu að sannfæra almenning um að þessir samningar væru góðir og vextirnir sanngjarnir; það var ekki möguleiki að þá samninga myndi ég samþykkja. Kostnaðurinn var einfaldlega of hár og áhættan of mikil til að vega upp ábatann.

Öðru máli gegnir um Icesave III. Þegar ég skoða hagsmunina sem eru í húfi er matið einfalt. Hvað kostar það íslenskt þjóðarbú að halda áfram með málið í hugsanlega 3-4 ár fyrir dómstólum með tilheyrandi stöðnun og/eða samdrætti á meðan, þótt málið vinnist á endanum? Það sparast um 35 milljarðar ef málið vinnst en tapast hugsanlega yfir 600 milljarðar. Það sem endanlega gerir upp hug minn er það að ef samþykkt Icesave III verður til þess að umfram hagvöxtur eykst um 0,6% á ári næstu fjögur árin (þ.e. umfram það sem annars hefði orðið) þá mun samningurinn borga sig sjálfur.

Ávinningurinn af því að samþykkja samninginn á móti áhættunni og kostnaðinum af því að bíða eftir niðurstöðu er slíkur að ég kýs með Icesave III með hagsmuni barnanna minna í huga.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hægt gengur siðbótin

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Umbæturnar ganga hægt. Siðbót í öllum greinum sem hér átti að fara fram lætur á sér standa. Hvers vegna? Því ráða „lögmál byrst“ eins og Hallgrímur kvað: ýmis lögmál, tregðu og hagsmuna og valdamisgengis.

Valdamisgengið er fyrst og fremst þetta: Sjálfstæðisflokkurinn er í senn utan stjórnar og innan garðs. Hann getur stöðvað mál, flækt mál og eyðilagt mál – og hann getur hleypt málum áfram. Þökk sé stjórnarandstöðunni í VG á ríkisstjórnin í reynd allt undir því að Sjálfstæðisflokkurinn hleypi málum áfram.

Okkur hefur lengi verið stjórnað af karlmönnum í Sjálfstæðisflokknum sem gengu fyrst í MR og síðan í lagadeild Háskóla Íslands áður en þeir hurfu inn í kerfið til þjónustu fyrir flokk og meðbræður. Þessir menn hverfa ekki þó að sjálft kerfið sem þeir sköpuðu og þjónuðu hrynji með braki og brestum. Þeir sitja áfram í sínum háu embættum og þverskallast við. Óþekkti embættismaðurinn verður Óþekki embættismaðurinn. Þeir segja sem svo: Það var ekkert sem hrundi. Það var ekkert að kerfinu. Við gerðum ekkert rangt. Jón Ásgeir og Kaupþingsplebbarnir eyðilögðu allt, en sjálft kerfið var fínt.

Þessum mönnum finnst það ósvinna að hér eigi að fara fram stjórnlagaþing og að fólk eigi að fá að koma nálægt því að búa þjóðinni stjórnarskrá sem hefur jafn fráleitar forsendur til þess og að vera heimspekingar, listamenn, sjómenn, bændur, hagfræðingar fjölmiðlamenn og manneskjur. Þarna eiga bara lögfræðingar úr Lagadeild Háskóla Íslands að starfa að málum enda hefur þeim gengið mjög vel við það starf að endurskoða ekki Stjórnarskrána.

**Allt að kenna?**

Ekki þarf að fara í grafgötur með að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt stein í götu þess að hin fallega hugmynd um stjórnlagaþing fengi að líta almennilega dagsins ljós. Samt var það ekki Sjálfstæðisflokkurinn sem fór verst með þetta þing. Það var annars vegar vanmat þeirra sem um framkvæmdina véluðu á hugkvæmni og heift andstæðinganna og hins vegar hitt sem þyngst vóg: áhugaleysi íslensku þjóðarinnar á því að velja sjálf sína fulltrúa við að setja sér stjórnarskrá.

Við megum samt ekki kenna Sjálfstæðisflokknum um kjarnorkugeislunina í Japan, átökin í Líbíu – eða klúður sem núverandi ríkisstjórn hefur virst fullfær sjálf um að skapa. Jóhanna Sigurðardóttir var að fá úrskurð frá Kærunefnd Jafnréttismála um að hún hefði brotið jafnréttislög þegar hún skipaði karlmann skrifstofustjóra í Forsætisráðuneytinu en gekk framhjá konu sem hafnað hafði í fimmta sæti þegar hæfum umsækjendum var raðað eftir verðleikum til starfans. Bent hefur verið á að formaður Kærunefndar Jafnréttismála sé karlmaður úr Lagadeild Háskólans – gott ef ekki „einn af strákunum“.

Kannski það. En hvernig var þá hægt að gefa manneskju sem er svo gott sem tvítyngd einkunnina núll í færni í meðferð erlendra tungumála? Eru „mannauðsfræðin“ sem að baki þessu mati búa svona bágborin eða voru hér einhver önnur sjónarmið í gangi?

**Fullt starf að vera manneskja**

Stundum er eins og það sé fullt starf að reyna að vera sæmilega upplýstur almenningur hér á landi. Maður þarf helst að sökkva sér niður í flókna milliríkjasamninga um skuldir og svo strax í kjölfarið að kynna sér langar greinargerðir fyrir stöðuveitingum. Fáir efast um að Jóhanna Sigurðardóttir er einlæg í viðleitni sinni til siðbótar hér á landi og er að reyna að gera hlutina „rétt“. Í téðri stöðuveitingu innan síns ráðuneytis er svo á henni að skilja að hún hafi eftirlátið „faglegum aðilum“ að annast allt ráðningarferlið. Með þessum árangri: hún fær á sig dóm fyrir að brjóta jafnréttislög. Jóhanna Sigurðardóttir. Og þarf að sitja undir ákúrum frá Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, fyrir að brjóta jafnréttislög. Þetta er býsna ævintýralegt. Og hægt gengur siðbótin.

Kannski að óþekka embættismanninn sé víðar að finna en innan Sjálfstæðisflokksins?

# Þarf aldrei að greiða?

Icesave
Átta hæstaréttarlögmenn
skrifa um Icesave-lögin

Því er haldið að íslensku þjóðinni að í lagi sé að semja um kröfurnar vegna þess að aldrei þurfi að greiða þær. Þrotabú Landsbankans muni þegar upp er staðið eiga fyrir þessu. En hvers vegna þarf þá að semja?

Ef kröfurnar fást greiddar úr þrotabúinu er skuldbinding íslensku þjóðarinnar jafn óþörf og hún er ranglát, því kröfuhafarnir geta einfaldlega beðið eftir greiðslu úr búinu.

**Er samningaleiðin áhættuminni leið?**

Því hefur verið haldið fram að við eigum að samþykkja Icesavelögin þar sem betri sé „mögur sátt en góður dómur“. En er þetta sátt? Nei, við teljum nær að tala um uppgjöf. Samningarnir loka ekki áhættu Íslands af málinu heldur breyta henni úr dómsmálaáhættu í krónum yfir í viðurkennda skuld sem er háð gjaldmiðla- og eignaverðsáhættu. Við breytingar á gengi gjaldmiðla og óvissu eignamati getur þessi skuld orðið gríðarlega þungbær.

Við höfum allan rétt með okkur í dómsmáli sem yrði rekið um skuldbindingar ríkissjóðs. Allar líkur eru á því að engin skuld falli á Íslendinga hvað sem líður þróun gengis gjaldmiðla og eignaverðs.

Versta mögulega niðurstaða yrði síðan sú, að íslenska ríkið yrði dæmt til greiðslu skaðabóta og vaxta í íslenskum krónum. Þeir vextir er hagstæðir og ekki síðri en þeir sem felast í núverandi samningum.

Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Sveinn Snorrason hrl*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir




Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
Verð frá 6.790.000 kr.

Kia Sorento er glæsilegur jeppi sem á eftir að koma þér á óvart. Rúmgóður og ríkulega búinn, öflugur, með frábæra aksturseiginleika og á ótrúlegu verði.

- Ný 197 hestafla dísilvél
- Sex þrepa sjálfskipting
- Einstakir aksturseiginleikar
- Útblástur með því minnsta sem þekkist í sambærilegum bílum
- Allir nýir bílar frá Kia eru í 7 ára ábyrgð
- Fáanlegur sjö sæta

Til afgreiðslu strax!

KIA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
ASKJA



*Hjartans þakkir til ykkar allra sem heiðruðuð minningu og sýnduð hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, fósturmóður, ömmu og langömmu,*

**Ástu Björnsdóttur**
Leirubakka 30, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fá starfsfólk hjúkrunarheimilisins Mörk.

**Guðjón Sveinbjörnsson**
**Björn S. Stefánsson** | **Þorgerður Sigurjónsdóttir**
**Stella Stefánsdóttir** | **Ásmundur Reykdal**
**Hulda Sigurvinsdóttir** | **Halldór Sigurðsson**
**Logi A. Guðjónsson** | **Jóhanna Jóhannesdóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**
**Guðmundur Guðjónsson**
**Jón Ívar Guðjónsson**
**Árný J. Guðmundsdóttir** | **Jóhann T. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, systir, mágkona og frænka*

**Jónína Halldórsdóttir**
Birkihlíð 5, Reykjavík,

lést sunnudaginn 20. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. mars kl. 13.00.

**Halldór Axelsson** | **Sigurður Axelsson**
**Garðar Halldórsson** | **Lovísa Ölversdóttir**
**Dagbjört Halldórsdóttir** | **Brynja Kristinsdóttir**
**Garðar Kristinsson** | **Haraldur Kristinsson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sara Vilbergsdóttir**

sem lést að hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði þann 19. mars, verður jarðsungin frá Ytri Njarðvíkurkirkju miðvikudaginn 30. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarkort hjá Garðvangi s. 422-7422.

**Guðmundur Kristjánsson**
**Jón Ingiberg Guðmundsson** | **Ásta Björg Ólafsdóttir**
**Jóhanna Steinunn Guðmundsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir** | **Paul Hyatt**
**Vilborg Guðmundsdóttir** | **Ólafur Böðvar Helgason**
**Kristján Vilberg Guðmundsson** | **Aðalheiður Þórdís Marinósdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Elín Guðmundsdóttir**
Hvassaleiti 46, Reykjavík,

andaðist þriðjudaginn 22. mars á Hrafnistu DAS í Reykjavík. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. mars kl. 13.

**Guðmundur Guðmundsson, fv. slökkviliðsstjóri.**
**Birna M. Guðmundsdóttir** | **Barry Huckins**
**Stefanía Guðmundsdóttir** | **Georg S. Halldórsson**
**María Sigrún Guðmundsdóttir**
**Ívar Guðmundsson** | **Kristín Kristjánsdóttir**
**Gunnlaugur Guðmundsson** | **Súsanna Svavarsdóttir**
**Auður Guðmundsdóttir** | **Gunnlaugur Kr. Jónsson**
**Björn Valdimar Guðmundsson** | **Helena Líndal Baldvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MARC CHAGALL** (1887-1985) lést þennan dag.
*„Ef ég skapa frá hjartanu gengur nánast allt upp; ef ég nota höfuðið gengur nánast ekkert."*



**STUTT Í BROSIÐ** Eina lækningin við hestabakteríunni er að stunda meiri hestamennsku, segir Bergljót Rist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FYRSTA HESTALEIGAN Í REYKJAVÍK: ÍSLENSKI HESTURINN Í FJÁRBORGUM

# Úti í sveit innan borgarmarka

„Ástæðan fyrir því að við réðumst í þetta er einfaldlega sú að mér finnst þetta svo óskaplega skemmtilegt," segir Bergljót Rist, sem nýlega stofnaði hestaleiguna Íslenska hestinn ásamt manni sínum Sveini Atla Gunnarssyni. „Ég hef verið í hestamennsku í mörg ár, byrjaði í reiðskóla Fáks fimm ára gömul, og er líka menntuð sem leiðsögumaður, þannig að það var gamall draumur að tengja manneskjur, hesta og íslenska náttúru."

Íslenski hesturinn er til húsa við Surtlugötu 3 í Fjárborgum og því innan borgarmarka Reykjavíkur. „Þetta er eina hestaleigan í Reykjavík," segir Bergljót. „Þetta er á sjálfri Hólmsheiðinni, sem er innan borgarmarka. Og eins og nafnið Surtlugata bendir til er þetta eini staðurinn í Reykjavík þar sem má vera með kindur, þannig að það er hægt að skoða kindur í leiðinni þegar menn koma í hestaferð til okkar. Þetta er sveit í Reykjavíkurborg og algjör perla."

Eins og er eru tuttugu hestar í leigunni en Bergljót segir vera pláss fyrir fleiri. „Hér eru hestar við allra hæfi," segir hún, „jafnt fyrir byrjendur sem þaulvana hestamenn. Ég er með sérhannað prógramm fyrir Íslendinga sem heitir Vertu klár í hnakkinn og er einu sinni í viku. Þá er það hópur sem ríður út saman, fólk sem hefur ekki tök á að vera sjálft með hesta vegna anna eða annarra hluta, en vill samt njóta útreiðanna. Þetta er svakalega skemmtilegt og oft myndast mikil stemning í hópnum. Og upp úr þannig hópi myndast oft kjarni sem vill fara í lengri hestaferðir saman."

Hefðbundinn útreiðartúr hjá Íslenska hestinum er á bilinu einn til tveir klukkutímar, en Bergljót segist leggja sig fram af fremsta megni að koma til móts við óskir viðskiptavinanna og það sé ekkert mál að skipuleggja lengri ferðir. „Vanalega förum við hér um nágrennið, um Hólmsheiðina, Rauðhólana, að Reynisvatni og Hafravatni og inn í Heiðmörk. Hólmsheiðin er endalaust ævintýraland og sömuleiðis Heiðmörkin, en þar er lítið um reiðgötur og þarf að ríða eftir akveginum á löngum köflum, sem er mjög hættulegt þar sem við verðum algjörlega að treysta á tillitssemi ökumanna. Það stendur nú sem betur fer til bóta, því það er verið að vinna í nýju deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir reiðgötum í Heiðmörk. Annað sem gerir okkur stundum lífið leitt er að það er mikið um vélhjól á Hólmsheiðinni, sem er auðvitað ekkert við að athuga, en það reynir á tillitssemi fólks og ég er alltaf að ítreka það að vélhjól verður aldrei hrætt en það verða hestarnir hins vegar auðveldlega, þannig að ég biðla til vélhjólamanna að sýna tillitssemi."

Bergljót stundaði nám í dýralækningum í Kaupmannahöfn og á stutt eftir í embættisprófið. Hún segist þó ekki hafa áhuga á að klára það í bráð, til þess finnist henni hestamennskan allt of skemmtileg. „Ég fékk hestabakteríuna fimm ára gömul og hef aldrei losnað við hana síðan og eina lækningin við henni er auðvitað að stunda meiri hestamennsku."

fridrikab@frettabladid.is

# Verðlaunuð fyrir starf í Bosníu

Vilborg Ísleifsdóttir Bickel sagnfræðingur hlaut nýlega viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf sitt í þágu stríðshrjáðra kvenna í Bosníu. Af því tilefni birtist viðtal við hana hálfsíðuviðtal í blaðinu Frankfurter Rundschau 10. mars.

Verðlaunin voru fjárhæð upp á 6.000 evrur. Þau komu frá kvennasamtökunum The International Women's Club í Frankfurt en í þeim eru um 500 konur af ýmsu þjóðerni. „Þetta eru hin svonefnd Elisabeth Norgall verðlaun en hún stofnaði þennan klúbb árið 1946. Þá var mikil eymd í Þýskalandi," segir Vilborg og heldur áfram sögunni. „Í Frankfurt var þá mikið af erlendum konum, eiginkonum háttsettra manna í liði bandamanna sem vildu taka til hendinni og láta gott af sér leiða. Þetta er sem sagt gamalgróinn og virtur félagsskapur."

Sjálf hefur Vilborg sannarlega látið gott af sér leiða. Hún stofnaði, ásamt nokkrum öðrum konum, félagið BISER í Wiesbaden í Þýskalandi. Það hafði það að markmiði að hjálpa konum í Bosníu eftir stríðið sem stóð frá 1992 til 1995. „Við keyptum og settum í stand skólahús í Sarajevo, Travnik og Tuzla og höfum rekið þar námsflokka fyrir konur, reyndar með hléum vegna peningaskorts," lýsir Vilborg. „Jafnframt höfum við veitt lögfræðilega ráðgjöf og læknishjálp allt fram á þennan dag."

Vilborg tekur fram að á Íslandi sé einnig til BISER-félag og að Kristín Ástgeirsdóttir sé formaður þess.

- gun



**VILBORG ÍSLEIFSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR** „Við keyptum og settum í stand skólahús í Sarajevo, Travnik og Tuzla og höfum rekið þar námsflokka fyrir konur," lýsir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Sérútfærsla af M-sófanum** frá Módern var smíðuð í tilefni af HönnunarMars. Hann kostar 350.000 og rennur allur ágóði af sölunni til styrktar Krabbameinsfélaginu. Sófinn er til sýnis í Módern að Hlíðarsmára 1.









**Linda Laufey Bragadóttir, hundaræktandi og innanhússarkitekt, fer óvenjulegar leiðir:**

# *Sérsmíðað hvolparúm*

Þegar Lindu Laufey Bragadóttur innanhússarkitekt varð ljóst að tíkin Mæra, sem er íslenskur fjárhundur, var hvolpafull ákvað hún að útbúa bæli sem héldi vel utan um litlu fjölskylduna. „Ég fór á stúfana til að sjá hvað væri í boði og sá fljótt að þetta yrði heilmikill kostnaður þótt ég reyndi að gera þetta ódýrt. Ég ákvað því að vanda til verks og fá mér kassa sem ég gæti þá átt fyrir framtíðargot,“ segir Linda.

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Tölvunotkun er ekki ókeypis** Að hafa kveikt á tölvu yfir nótt kostar um það bil tuttugu krónur sem gera 600 krónur á mánuði. Meiri fróðleik um orkunotkun og mögulegan orkusparnað er að finna á www.or.is





Hvolparnir Embla, Fura, Barri og Askur eru af íslensku kyni. Einn þeirra er orðinn útrásarvíkingur en dönsk fjölskylda kom alla leið til Íslands um helgina til að ná í Barra.

Framhald af forsíðu

Linda rakst á rúmgóðan hvítan kassa hjá versluninni Dekurdýrum sem hún fékk sérsmíðaðan eftir þeim málum sem hún þurfti. Smiðurinn kom svo heim og setti hann upp fyrir hana.

„Ofan í kassann fékk ég mér fína svampdýnu með vatnsheldu áklæði og svo þegar ég sá þennan sængurhiminn í IKEA fannst mér þetta vera lausnin.”

Linda lenti í umferðarslysi fyrir 14 árum, með þeim afleiðingum að hún komst ekki almennilega út á vinnumarkaðinn aftur og skilyrði fyrir því að hún gæti átt eðlilegt líf var mikil hreyfing.

„Þessi hugmynd með hundana kom því til mín og beint inn í hjartað. Ég hugsaði með mér að þetta yrðu mínir félagar, bæði heima við og í útivist.“ Í dag á Linda níu ára gamlan Cavalier-hund og tvo íslenska fjárhunda. Hvolparnir sem annar þeirra, Mæra, eignaðist eru fjórir en Linda fékk sér ræktunarnafnið Laufeyjar.

„Gildismatið breytist við það að vera hundaeigandi. Það sem áður var sett í forgang er í öðru sæti. Að njóta samvista við dýr er það besta sem ég get óskað fólki.“


nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

HOLLUR
BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.

Afar auðvelt í uppsetningu
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið
Viltu ná kjörþyngd og komast í form?
Ný námskeið að hefjast
innritun á fullu í síma 5813730
Síðustu innritunardagar!

TT-námskeið hefjast 3. apríl

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25 | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánud, - miðvikud 19:30 og lau 9:30 | |
| 18:25 | TT3 | Mánu- og miðvikud - (16-25 ára) | |

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL
15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!
Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 3. apríl kl. 16:30
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

FASTEIGNIR.IS
13. TBL. 28. MARS 2011
vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

LANDMARK
FASTEIGNASALA
...kynnir með stolti nýja starfsmenn!
Sími: 512 4900


Eggert Maríuson
Eggert kemur úr körfuboltanum og veit að góður liðsandi skiptir öllu máli. Eggert var sölumaður hjá DHL í 6 ár.
sími 690 1472, eggert@landmark.is


Kristberg Snjólfsson
Kristberg hefur 11 ára reynslu af fasteignasölu, m.a. sem sölustjóri á Hóli. sími 892 1931
kristberg@landmark.is


Sveinn Eyland Garðarsson
Sveinn hefur áralanga reynslu af fasteignasölu og hefur lokið námi til löggildingar fasteignasala.
sími 690 0820, sveinn@landmark.is

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is
Fjárfesting – heil húseign.



Fjölbýlishús með 30 íbúðum ásamt bílakjallara. Húsið er á byggingarstigi og selst í núverandi ástandi. Gott tækifæri fyrir byggingaraðila eða fjárfesta til að klára húsið til útleigu eða sölu.
Upplýsingar veitir Runólfur á Höfa gsm. 892 7798 eða runolfur@hofdi.is
Runólfur Gunnlaugsson, Lögg. fasteignasali Ásmundur Skeggjason, Lögg. fasteignasali

# Með útsýni til Esjunnar

**Fasteignamarkaðurinn ehf. hefur til sölu fallegt, vandað og vel skipulagt parhús á tveimur hæðum í Vættaborgum í Grafarvogi.**


Parhúsið er á tveimur hæðum, 174 fm með innbyggðum 24,7 fm bílskúr.

Húsið er 174 fm að stærð á tveimur hæðum með innbyggðum 27,4 fm bílskúr, og stendur á fallegum útsýnisstað.

Forstofa er flísalögð og með fataskápum en þaðan er innangengt í bílskúr. Holið er parkettlagt og gestasalerni flísalagt. Eldhúsið er stórt, flísalagt og með góðri borðaðstöðu. Innréttingar eru úr kirsuberjaviði með flísum milli skápa.

Stofur er tvær, parkettlagðar og með útgengi á verönd, þaðan er fallegt útsýni út á sjóinn og að Eskjunni.

Á efri hæð er komið á stigapall með útgengi á stórar svalir til austurs. Fallegur þakgluggi er yfir stiganum milli hæða, en stiginn sjálfur er steyptur og parkettlagður með fallegu handriði úr burstuðu stáli.

Tvö barnaherbergi eru á efri hæð, parkettlögð, rúmgóð og fataskápur í öðru þeirra. Hjónaherbergið er stórt, parkettlagt og með fataskápum á heilum vegg. Baðherbergi er flísalagt í gólf og veggi með góðum gluggum. Þar er bæði bað og sturta og tengi fyrir þvottavél og þurrkara.

Bílskúrinn er flísalagður með sjálfvirkum hurðaopnara. Hiti og rennandi heitt og kalt vatn er í bílskúr auk geymsluaðstöðu.

Húsið er í góðu ástandi og lóð frágengin. Tvær verandir eru við húsið og sú er vísar til suðurs er með skjólveggjum og fallegum gróðri. Hiti er í innkeyrslu.

Seljendur skoða skipti á 3ja herbergja íbúð á svipuðum slóðum.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

heimili FASTEIGNASALA
www.heimili.is


Bogi Pétursson lögg. fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9–17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar
Vantar eignir á söluskrá



**Hátún - sérhæð**
Góð 110 fm miðhæð í þríbýlishúsi. Tvö - þrjú svefnherbergi og stórar stofur. Garður í góðri rækt. Gott hús í vinsælu hverfi. V. 26,0 m.
**Sölusýning í dag kl 17:30**


**Vallarhús - lítið raðhús**
Mikið endurbætt 125 fm sérbýli á tveimur hæðum. 3 svefnherbergi og góður garður. **V. 35,5 m.**


**Haukdælabraut - parhús.**
Nýtt 175 fm parhús á einni hæð með innbyggðum 35 fm bílskúr. Einstök staðsetning í jaðri byggðar við ósnerta náttúruna. Afhendist tilbúið til innréttinga og jafnvel fullbúið.


**Þórðarsveigur - 4ra herb**
Nýleg 102 fm endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílgeymslu. 3 góð svefnherbergi, góðar svalir og mikið útsýni. **V. 25,5 m.**


**Naustabryggja - 5 herbergja**
Góð 130 fm íbúð á tveimur hæðum og stæði í bílskýli. 4 herbergi , vandaðar innréttingar. **V. 29,9 m.**


**Miðtún - efri sérhæð**
135 fm efri sérhæð og ris í bakhúsi í rólegu grónu hverfi. 3- 5 svefnherbergi og möguleiki á aukaíbúð í risinu. Góð eign með marga möguleika.


**Hólmatún - sjávarlóð.**
Um 200 fm einbýli með bílskúr. Frábær staðsetning í botnlanga, mjög mikið útsýni. Fjögur herbergi ásamt stofum. Húsið er ekki fullbúið.
**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**




GULLMOLI TIL SÖLU LAND ROVER DISCOVERY II SE. Árg 2003, ekinn 89 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. MIKIÐ ÚTBÚIN OG GLÆSILEGUR BÍLL Verð 2.690. þús skipti á ódýrari eða dýrari,,er inni í sal,, Rnr.152360



HÖFUM KAUPANDA AÐ HOBBY 650 UMFE STAÐGREIÐSLA Í BOÐI. Rnr.120376 vanta á skrá og á staðinn hjólhýsi og fellihýsi einnig tjaldvagna og húsbíla vegna eftirspurnar.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**




Mazda 3 T PLÚS 01/2007 ek 86 þ.km SJÁLFSKIPTUR, álfelgur ofl snyrtilegur bíll, verð 1580 þús

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**




CHRYSLER PACIFICA TOURING, árg. 8/2007, ek.40þús.km, sjálfskiptur, loftkæling, 6 manna, leður, lúga omfl, Flottur, vel búinn og þægilegur bíll, Ásett verð 3790þús.kr, er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Toyota Hiace árg. '97 langur 4x4, ek. 166þ., Góður bíll. V. 450þ. stgr. S. 696 2336.

### Til sölu







Jeppar, pallbílar, fólksbílar. NÚ FÆRÐU EINNIG VARAHLUTI Á BETRI VERÐUM! Útvegum á betri verð frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. HYBRID umhverfisvænir bílar sem eyða 40% minna eldsneyti. Meira en milljón bílar á söluskrá. Toyota Tacoma sýningarbílar á milljóna afslætti. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



Skoda Octavia 2.0 FSI, 2005, 150hö, 83þ km. tvöf. dekkjaumg. sumard á álfelgum. 1580þ, 8637550

Til sölu Volkswaken Polo basic line, grár. Ek. 104þús. Uppl. í s. 866 7240

Til sölu Mitsubishi Outlander Comfort árg. 2007 sjálfskiptur. Ekinn 76 þús. km, dráttarkrókur. Sv. 2.890 þús. S. 821-4691

Vélarvana Pajero '97 módel til sölu. Uppl. í síma 897 4648 & 664 7790.

### 0-250 þús.



**TILBOÐ 130 ÞÚS!**
Peugeot 306 STW. árg. '99 beinssk. með skoðun 2011. Þarfnast smá aðhlynningar. Ásett verð 290þús fæst á 130þús Uppl. s. 841 8955.

### 250-499 þús.



**!! Sjálfskiptur Polo !**
VW Polo árg '00, ekinn aðeins 160þús, sjálfskiptur, ný tímareim í 120þús, nýlega skoðaður, 3 dyra, bíllinn er á góðum vetrardekkjum og lítur vel út, Verð aðeins 380þús, uppl í síma 659-9696

### 500-999 þús.



**!! Sjálfskiptur, flottur bíll !!**
Subaru Legacy 4x4 árg '00, ekinn aðeins 144þús, station, álfelgur, heilsársdekk, ný skoðaður 2012, bíll í mjög góðu standi, ásett verð 890þús, Tilboðsverð aðeins 640þús, uppl í s:659-9696

### Bílar óskast

**Golf, Polo, Micra, Almera, Peougut 206, Yaris eða Lancer ÓSKAST**
Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma

691 9374.

Fyrir ferðaþjónustu: 8-14sæta, vel með farin allt að 400þús stgr. Einnig óskast lokuð farangurskerra. S:6643177

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

### Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

### Vinnuvélar




### Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

### Bátar



Til sölu þessi bátur með nýju hagfæraskírteini, b.3,52 , d.1,54, l. 10,59. Brt 12,16. V. 12 millj. Uppl. í s. 581 1979 & 861 0096 & 698 7061.

### Bílaþjónusta




Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700

### Hjólbarðar




**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

### Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs.Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.






## Atvinna

# Rafvirkja vantar til starfa strax!

**Umsóknir sendist á ggehf@simnet.is**

## Tilkynningar

# Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra farfugla verður haldinn þriðjudaginn 29. mars n.k. kl. 20.00 í **Farfuglaheimilinu í Reykjavík, Sundlaugavegi 34.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

***Stjórnin.***

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Þönglabakki 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Mjóddar vegna Þönglabakka 1. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fyrir anddyri við inngang verslunar á austurhlið hússins. Hæð anddyris mun ekki breytast en gera má ráð fyrir smávægilegum breytingum á gangbrautum umhverfis anddyri vegna stækkunar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 28. mars 2011 til og með 12. maí 2011**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 12. maí 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 28. mars 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Skipulags stofnun

# Jarðhitanýting við Gráuhnúka, vegna Hellisheiðarvirkjunar, Sveitarfélaginu Ölfusi

Orkuveita Reykjavíkur hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um jarðhitanýtingu við Gráuhnúka, vegna Hellisheiðarvirkjunar í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **28. mars til 10. maí 2011** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Bæjarbókasafni Ölfusss, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur: www.or.is. og Mannvits hf. www.mannvit.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 10. maí 2011 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Orkuveita Reykjavíkur mun standa fyrir opnum kynningarfundi í húsi Orkuveitunnar, Bæjarhálsi 1, þann 14. apríl kl. 16.30 til 18.30.

**SKIPULAGSSTOFNUN**

## Verslun



**BARA KRÚTTLEGIR**
Bjóstahaldarar kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
849 0698
www.bathmate.is

Rósir 490 kr. stk.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Spa Dream Oasis**
**Margar gerðir af nuddi fyrir menn, konur og pör. Vel menntuð og með góða reynslu á þessu sviði. Ekkert sex nudd.**
**Opið frá 10-19 mán-lau.**
**Uppl. s. 862 0941**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**LEIRKRÚSIN**
Síðustu námskeið vetrarins. Uppl: www.leir.is S: 661 2179 / 555 1809

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÉTTIR
vísir

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Lítil 2 herb. 50fm íbúð á jarðhæð í Hfj. Er laus. Leiga 75þús. Uppl í s. 661 7467. Jóhann.

Noðrurgata 17 Akureyri 100Fm 3 herb. kjallari, bað og garður.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

## Húsnæði óskast

Par óskast eftir lítill íbuð helst í miðbæ Rvk, greiðslug. 80 þús. S. 615 8425.

Óska eftir 5.herb/húsi sem fyrst. Helst í Kóp,Gbr eða Hfj. Greiðslugeta 200 þús. Uppl. í s. 774 5275.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast á höfuðborgarsv. st. 50-100 fm. S. 695 5188.

Iðnaðar-og lagerhúsnæði í Hafnarfirði til leigu. Ýmsar stærðir. S. 6601060, 8224200

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Debenhams vantar snyrti- eða förðunarfræðing í hlutastarf.**
**Vinnutími er samkomulag og miðast við opnunartíma verslunarinnar.**
**Áhugasamir sendi póst á debenhams@debenhams.is eða skili umsókn í verslunina.**

Óskum eftir því að ráða sölu- og þjónustufulltrúa í fulla eða hálfa stöðu. Áhugasamir sendi póst á gardlist@gardlist.is.

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. 25 ára og eldri. Góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Viggó í 553-6688 eða viggo@tmi.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Framlagning kjörskráa**
Kjörskrár vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun laga nr. 13/2011, sem fram fer laugardaginn 9. apríl 2011, skulu lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 30. mars næstkomandi. Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað. Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. - Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram. - Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn. Athygli er vakin á því að sveitarstjórn getur allt fram á kjördag gert leiðréttingar á kjörskrá, ef við á. - Innanríkisráðuneytið, 28. mars 2011.

Indjánagufa í Mosfellsbæ helgina 1.-3. apríl Tökum á móti 7-15 manna hópum.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Tilbreyting Íslenskar konur sem leita mjög ákveðið að tilbreytingu nota símaþjónustuna Rauða Torgið Stefnumót. Auglýstu frítt: s. 555-4321. Heyra auglýsingar: 905-2000 og 535-9920.

Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft...




# BESTU RITDEILURNAR, ÁDREPURNAR, SKAMMIRNAR OG ALLAR HINAR AÐSENDU GREINARNAR ERU Á VÍSI.

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



**Meiri Vísir.**

vísir

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hljóðfæri, **6.** nafnorð, **8.** stormur, **9.** æxlunarkorn, **11.** guð, **12.** aðfall, **14.** skrölt, **16.** gat, **17.** af, **18.** drulla, **20.** frá, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** rún, **4.** þegn, **5.** keyra, **7.** orðrómur, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** kirkjuleiðtogi, **16.** einatt, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túba, **6.** no, **8.** rok, **9.** gró, **11.** ra, **12.** aðsog, **14.** skrap, **16.** op, **17.** frá, **18.** for, **20.** af, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** úr, **4.** borgara, **5.** aka, **7.** orðspor, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** páfi, **16.** oft, **19.** ró.

Hot Rope Yoga
Mömmutímar
Zumba Fitnes

World Class Iceland

„Ég segi JÁ til að lágmarka áhættu vegna Icesave-málsins og til að íslenska þjóðin eigi möguleika á að endurheimta mannorð sitt á alþjóðavettvangi."

Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika





Já er leiðin áfram!

ÁFRAM!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. ÁFRAM - Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*

# Já-hanna!

BAKÞANKAR
**Gerðar Kristnýjar**



Á laugardaginn las ég í Fréttablaðinu að mun færri karlmenn hér á landi tækju sér nú feðraorlof eftir efnahagshrunið en áður. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem heitir Konur í kreppu? og er samantekt á opinberum tölulegum gögnum á áhrifum efnahagshrunsins á velferð kvenna. Kannski er þetta rangnefni á skýrslunni því sé til dæmis aðeins niðurstaðan af nýtingu feðraorlofsins athuguð er ekki ólíklegt að leiða megi að því líkur að karlar séu ekki síður en konur í kreppu og þá vitaskuld líka börnin.

**VIÐ VORUM** stolt þjóð þegar feðraorlofinu var komið á en það er eins með það og svo margt annað sem þrotlaus jafnréttisbarátta aðeins örfárra þjóðinni til handa hefur komið til leiðar, það þarf ekki mikið til að henni miði af leið. Alltaf kemur það mér samt á óvart hvað jafnréttisumræða ergir marga. Það er stundum eins og verið sé að hefja máls á misréttinu í fyrsta sinn – inni á baðstofugólfinu eftir postillulesturinn – slíkt getur offorsið orðið. Fjölmiðlar stæra sig af því að sýna okkur heiminn eins og hann er en eins og Auður Aðalsteinsdóttir, doktorsnemi í bókmenntum, benti á í merkum hádegisfyrirlestri í Háskóla Íslands á fimmtudaginn mætti halda af fjölmiðlum fyrri tíma að konur hefðu ekki verið til.

**AF ÞESSUM** blöðum mætti þá halda að konur væru bara síðari tíma uppfinning – svona eins og snjallsíminn. Í síðustu viku komst kærunefnd jafnréttismála að því að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefði brotið jafnréttislög. Jóhanna var að reyna að gera allt rétt og vildi hafa vaðið fyrir neðan sig. Henni varð það á að hlusta á ráðgjafa sína. Sem betur fer kærði konan sem fannst hún órétti beitt og af þessum mistökum má draga mikilvægan lærdóm. Og vissulega voru þetta mistök.

**ÞAÐ ER** vandlifað og andstæðingar Jóhönnu á þingi ruku upp til handa og fóta og kröfðust afsagnar hennar, fólk sem ég hef aldrei séð beita sér í jafnréttismálum svo nokkru nemi. Það hefur Jóhanna hins vegar gert í gegnum tíðina og komið frumlegustu hugmyndum á koppinn. Það var til dæmis hún, og þá sem félagsmálaráðherra, sem stofnaði karlajafnréttisnefndina sem einmitt barðist hvað mest fyrir feðraorlofinu sem nefnt var hér í upphafi. Engri annarri treysti ég betur fyrir því að voka yfir jafnréttismálunum hér á landi en einmitt henni Jóhönnu.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**STRÝHÆRÐI PÉTUR** Verkið var frumsýnt á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu á föstudagskvöld. Strýhærði Pétur er margverðlaunuð ruslópera úr smiðju hljómsveitarinnar Tiger Lillies sem hefur farið sigurför um heiminn á síðustu árum.

# Bláðum kemul stolkulinn!

Leikhús ★★★★

**Strýhærði Pétur**

eftir Julian Crouch & Phelim McDermott

**Leikarar:** Hilmir Snær Guðnason, Halldóra Geirharðsdóttir, Þórir Sæmundsson, Halldór Gylfason, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hallur Ingólfsson **Leikmynd og búningar:** Halla Gunnarsdóttir **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson **Hljóð:** Thorbjörn Knudsen **Leikgervi:** Elín Sigríður Gísladóttir **Þýðing, tónlistarstjórn, útsetningar:** Hallur Ingólfsson **Leikstjóri:** Jón Páll Eyjólfsson

Mikið er nú gaman í leikhúsi þegar það er gaman!

Við sem ólumst upp með litla kverið um Struwwelpeter, eitthvert merkasta uppeldiskver nítjándu aldar og lengi fram eftir þeirri tuttugustu, fundum hvernig gömlu hryllingsmyndirnar komu aftur upp í hugann.

Borgarleikhúsið býður upp á mikið ævintýri í Litla salnum. Á föstudaginn var þar frumsýning á heillandi hryllingssöngleik sem byggir á litlu barnabókinni um Strýhærða Pétur (sem ég held að hafi aldrei verið þýdd á íslensku) leiknum á sex litlum sviðum meðan áhorfendur stóðu þar sem leikarar eru vanir að sýna listir sínar.

Á einu sviðanna er hljómsveit sem með söng og hljóðfæraleik kynnir okkur fyrir þeim persónum sem koma við sögu á hinum sviðunum. Myndskeiðið þegar hinn grimmi kemur og klippir puttana af óþekka stráknum sem getur ekki hætt að totta á sér fingurna er ein af þessum klassísku barnamyndskreytingum sem allir þekkja.

Allir vilja eignast börn og gott heimili, en börnin verða að vera góð! Þau sem hætta að borða deyja úr hungri. Þau sem vega á stólnum, rífa í dúkinn og ryðja öllum borðbúnaðinum með sér í gólfið fá hnífapörin í búkinn og deyja. Þau sem sjúga á sér fingurna eða klippa ekki á sér neglurnar missa fingurna og þeim blæðir út. Þau sem eru ekki þakklát þegar foreldrarnir ofdekra þau með gjöfum, ja þeim er hreinlega bara stútað og þau sem leika sér með eldspýtur brenna inni. Öfgafullur og hnyttinn boðskapur læknisins Hoffmans sem 1845 skrifaði bókina í ljóðaformi og færði syni sínum í jólagjöf fór sigurför um álfuna og nú fyrir nokkrum árum dustaði hljómsveitin The Tiger Lillies rykið af heftinu og samdi óperusýningu sem unnið hefur til margra verðlauna. Hallur Ingólfsson þýðir hér verkið og leiðir tónlistarmennina. Hilmir Snær Guðnason birtist í líki hins grimma sem jafnframt segir söguna og er eins konar kynnir í verkinu um leið og hann er áhrifavaldur. Í upphafi stafaði nokkur ógn af þessari persónu en svo var eins og hann mildaðist og varð eitthvað svo ofurvenjulegur þegar á leið. Halldóra Geirharðsdóttir leikur eiginkonu sem bíður eftir barni og vonar og þráir og eiginmann hennar leikur Þórir Sæmundsson. Þetta eru mjög stílfærðar persónur, ýktar eins og barokkdúkkur. Þórir átti góða spretti og ekki klikkaði Halldóra frekar en fyrri daginn. Hinn verðandi faðir gat ekki sagt bókstafinn err og því varð auðvitað biðin eftir stolkinum og ánægjan með Pétul til þess að kitla hláturtaugar áhorfenda. Öll umgjörðin er í einu orði sagt heillandi og ekki síst hin fallegu tjöld fyrir hverju sviðsopi. Það er leikið uppi og niðri og í agnarlitum ramma fá pínulitlar handbrúður að segja okkur söguna af hrekkjusvínunum sem stríða svarta barninu og detta svo oní tunnu og verða sjálf svört, í gluggum birtast viðvörunarmyndir gráts og drykkju og litlu hérarnir sem skoppa um og þau Halldór Gylfason og Kristín Þóra Haraldsdóttir ljá lífi eru ferlega fyndnir.

Leikarar voru allir góðir og vakti vitaskuld athygli hvernig þessi hæfileikahópur stökk til og skellti sér á hvaða hljóðfæri sem var, Dóri á kontrabassa og Þórir á gítar milli þess sem þeir þeyttust milli sviða og hlutverka. Söngkonan sem jafnframt stökk í ýmis hlutverk, Kristín Þóra Haraldsdóttir, var heillandi.

Það sem er kannski akkilesarhæll sýningarinnar er hvernig hún hálf dettur niður í millikynningaratriðum fyrir utan að það er ákveðið álag að standa í 75 mínútur en með því að dilla sér við undirleik frábærar hljómsveitar jafnast álagið á skrokkinn, fyrir svo utan að ungviðið sem á eftir að sjá þessa sýningu er fært um að leggjast á gólfið og væri ekki úr vegi að skipa öllum úr skónum og hafa hreinlega dýnur á áhorfendasvæðinu. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Hvernig væri nú að þýða bókina? Heillandi sýning!




**Þúsundir skora á yfirvöld …**

… að tryggja börnum sem búa við heimilisofbeldi stuðning og félagsleg úrræði við hæfi. Nýleg skýrsla Barnaheilla – Save the Children á Íslandi leiddi í ljós að úrræðin eru ófullnægjandi.

Við þökkum þeim þúsundum einstaklinga sem skrifuðu undir áskorunina á **www.verndumborn.is**. Það er á ábyrgð okkar sem samfélags að bregðast við ef minnsti grunur er á að barn búi við óeðlilegar uppeldisaðstæður.

**Ekkert barn á að alast upp við heimilisofbeldi**

Barnaheill
Save the Children Iceland

Birting ágrips vegna töku hlutabréfa Össurar hf. til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland

**NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) hefur birt ágrip vegna töku hlutabréfa Össurar hf. (kt. 560271-0189) til viðskipta í dag, mánudaginn 28. mars 2011.**

Ágripið er á ensku og var birt í markaðstilkynningu þann 25. mars 2011, sem nálgast má á heimasíðu Kauphallarinnar: http://www.nasdaqomxnordic.com/Frettir/Markadstilkynningar/iceland/

Heildarfjöldi hluta í Össuri hf. er 453.750.000.
Allir hlutir eru í einum flokki og jafnréttháir.

Viðskipti með hlutabréf Össurar hf. verða sem fyrr í íslenskum krónum og eru þau gerð upp með sama hætti og áður í gegnum Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Reykjavík, 28. mars 2011,
NASDAQ OMX Iceland hf.

NASDAQ OMX

Laugavegur 182
IS 105 Reykjavík - Iceland
Sími/Tel: +354 525 2800

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir

SKANNAÐU
SAMbio.is

FRÁ PHILIP K.DICK, HÖFUNDI BLADE RUNNER, TOTAL RECALL OG MINORITY REPORT
MATT DAMON EMILY BLUNT
THE ADJUSTMENT BUREAU
MATT DAMON OG EMILY BLUNT ERU MÆTT Í MYND SEM ER BYGGÐ Á MAGNAÐRI VÍSINDASKÁLDSÖGU

LIMITLESS

HARÐJAXLINN LIAM NEESON ER MÆTTUR Í MAGNAÐRI HASARMYNDMYND
LIAM NEESON UNKNOWN

STÓRKOSTLEG NÝ ÞRIVÍDDAR TEIKNIMYND FRÁ DISNEY
MÖMMUR VANTAR Á MARS

THE KING'S SPEECH
ONE WEEK NO RULES HALL PASS
JUSTIN BIEBER NEVER SAY NEVER
RANGO

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:40 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 10:10 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.45 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | 6 - 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |

SKANNAÐU
SAMbio.is

# Madonna hættir við skólabyggingu

Bandaríska tónlistarkonan Madonna hefur hætt við að byggja skóla fyrir stúlkur í hinu fátæka ríki Malaví. Samkvæmt New York Times er ástæðan sú að brotalamir hafa verið á rekstri góðgerðarfélagsins sem Madonna hefur stutt dyggilega.

Madonna hefur sýnt Malaví mikinn áhuga en ættleiddu börnin hennar tvö, David og Mercy, eru bæði þaðan. Söngkonan gaf til að mynda ellefu milljónir dala til góðgerðarstofnunarinnar Raising Malawi sem átti að hafa yfirumsjón með byggingu skólanna. New York Times greinir frá því að stjórn Raising Malawi hafi verið vikið frá og Madonna og umboðsmaður hennar hafi tekið sæti í henni ásamt skilanefnd.

Madonna hyggst þó einbeita sér að því að bæta menntunartækifæri barna í Malaví þrátt fyrir þetta áfall. „Það eru mörg ljón í veginum því sextíu prósent stúlkna komast aldrei í grunnskóla og það er óvíðunandi. Við ætlum að leggja okkur öll fram.“



**HÆTT VIÐ** Madonna ætlar ekki að leggja meira fé í góðgerðarstofnunina Raising Malawi því stjórn hennar hefur verið vikið frá vegna fjárhagslegra vandræða. NORDICPHOTOS/GETTY

# Natalie Portman sögð hafa dansað lítið í Black Swan

**Ballerínan Sarah Lane, sem var dansstaðgengill Natalie Portman í Black Swan, segir Portman lítið hafa dansað í myndinni. Hún steig fram eftir að unnusti Portman eignaði henni stærstan hluta dansatriðanna.**

Natalie Portman fékk í febrúar Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Black Swan. Eftir að hún fékk verðlaunin virtu spruttu upp vangaveltur um meinta danshæfileika leikkonunnar, sem eru sagðir ótrúlegir miðað við að hún hafði aðeins eitt og hálft ár til að undirbúa sig fyrir myndina. Danshöfundurinn Benjamin Millepied, unnusti Portman, sem starfaði á tökustað Black Swan, sagði í viðtali við dagblaðið Los Angeles Times á dögunum að Portman hefði sjálf framkvæmt um 85 prósent af danssporunum í myndinni.

Nú hefur ballerínan Sarah Lane stigið fram og fullyrt að Portman stígi aðeins fimm prósent danssporanna í myndinni. Þá segir hún lítið gert úr ballettlistinni með því að segja að leikkona sem hafi rúmt ár til að undirbúa sig geti orðið jafn góð ballerína og sést í Black Swan. „Skotin sem sýna aðeins andlit hennar og hendur eru hún í raun og veru,“ sagði Lane í viðtali við Entertainment Weekly. „En þau sýna ekki raunverulegan dans.“

Lane sakar Ari Handel, framleiðanda Black Swan, um að segja henni að tala ekki um vinnu sína við fjölmiðla, jafnvel þótt ekkert slíkt hafi komið fram í samningi sem gerður var við hana. „Þau vildu skapa hugmynd í höfði fólks um að Natalie væri einhvers konar undur – svo hæfileikaríkur dansari að eitt og hálft ár væri nóg til að gera hana að ballerínu. Þetta var gert út af Óskarsverðlaununum,“ segir Lane. „En það er ekki bara móðgun við mig heldur alla stéttina. Ég hef dansað í 22 ár.“

Eftir að Sarah Lane steig fram sendi framleiðslufyrirtækið Fox Searchlight frá sér yfirlýsingu þess efnis að í meirihluta dansatriðanna í Black Swan væri Portman sjálf að dansa.



**DANSAÐI LÍTIÐ SJÁLF** Staðgengill Natalie Portman í Black Swan er æf yfir því að leikkonunni séu eignuð dansatriði kvikmyndarinnar.

atlifannar@frettabladid.is

# Mamma Sheens finnur blóraböggul

Charlie Sheen á víða hauka í horni ef marka má tölvupóst sem mamma leikarans sendi frá sér. Þar segir hún fyrrverandi eiginkonu Sheen, Brooke Mueller, eiga sök á því hvernig komið er fyrir syni sínum.

Það er vefsíðan TheDaily.com sem birtir tölvupóstana á vefsíðu sinni en þar sakar Janet Templeton Sheen fyrrverandi tengdadóttur sína um að nærast á óhamingju og vandræðum Charlie. Hún sakar einnig Donald Trump, auðkýfinginn góðkunna, um hræsni en Trump heldur því fram að hann hafi varað foreldra Brooke við Charlie. „Þessi stelpa var búin að fara í þrettán meðferðir áður en hún kynntist Charlie. Hún var alveg nógu mikil partístelpa áður en hún kynntist Charlie.“

Janet heldur áfram að taka upp hanskann fyrir son sinn og segir Brooke hafa orðið til þess að hann byrjaði í ólifnaði sínum á ný. „Hann var búinn að vera edrú í nokkurn tíma áður en þau hittust. Hún vill bara að hann sé óhamingjusamur og þrífst á því.“ Brooke og Charlie eiga tvíbura en þau skildu eftir tiltölulega stutt og stormasamt hjónaband 2008. Þá sakaði Brooke Charlie um heimilisofbeldi.



**HEPPINN** Mamma Charlie Sheen tekur upp hanskann fyrir son sinn í tölvupóstum sem hefur verið lekið á netið.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

BRADLEY COOPER ROBERT DE NIRO
LIMITLESS
FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ BRADLEY COOPER OG ROBERT DE NIRO
LÚXUS

BRÁÐSKEMMTILEG MYND FRÁ FRAMLEIÐANDA „I LOVE YOU MAN“ OG „OLD SCHOOL“
natalie PORTMAN ashton KUTCHER
NO STRINGS ATTACHED

Okkar eigin Osló -H.S., MBL -Þ.Þ., FT
Love -T.V. - KVIKMYNDIR.IS
BIUTIFUL -H.S., MBL
-K.S.B., MONITOR BATTLE: LOS ANGELES

SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS SÝND Í LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 10.15 | 14 |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 6 – 9 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

BRÁÐSKEMMTILEG MYND FRÁ FRAMLEIÐANDA „I LOVE YOU MAN“ OG „OLD SCHOOL“
natalie PORTMAN ashton KUTCHER
NO STRINGS ATTACHED
JOHNNY DEPP RANGO
Okkar eigin Osló

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| NO STRINGS ATTACHED | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ENS TAL | 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6, 8 og 10 |

BAR & CAFÉ BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROKLAND | 17:40, 20:00, 22:20 |
| THE FIGHTER (14) | 17;40, 20:00, 22:20 |
| FOUR LIONS (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 22:10 |
| INSIDE JOB | 22:40 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
THE FIGHTER FOUR LIONS ROKLAND
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Átaksnámskeið

## 6 vikna konu- og karlanámskeið hefjast 4. apríl

- Þú kynnist fjölda æfingaleiða Plyometrics interval þjálfun, BodyVives, BodyPump, Zumba, Hot Yoga, M & N Training, Tabata ofl. ofl.
- Náðu sama árangri stjörnurnar í Hollywood, æfingakerfi Natalie Portman, Tracy Andreson, Ryan Reynolds og Jake Gyllenhaal.
- Við fylgjumst vel með ástandi og árangri með reglulegum mælingum, vikulegum netpóstum og góðum ráðum um mataræði.
- Vertu í þínu besta formi í sumar.
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi.

**Konur**: Námskeið kl. 6.05, 9.15, 17.30, 3 x í viku og 16.30, 2 x í viku.
**Karlar**: Námskeið kl. 18.30, 3 x í viku.

**Verð fyrir átaksnámskeið: 3 x í viku kr. 21.990.- , 2 x í viku kr. 16.990.-**

## Krefjandi konuátak

- Framhaldsnámskeið-hraðferð
- Árangur á mettíma, hámarks brennsla
- Vigtun, mælingar og mataræði sem veita strangt aðhald
- Vikulegur netpóstur

**Námskeið kl. 18:30 Verð: Kr. 21.990.-**
**Kennari: Bryndís María. Nánari upplýsingar á www.hress.is**



Grafika 11




# Brazil Butt Lift 6 vikna námskeið

Þetta æfingakerfi er sérþróað fyrir konur sem vilja stinnari kúlurass sem lítur betur út í sundfötunum, nærfötunum eða í uppáhalds gallabuxunum.

Leyndarmálið er svokallað "þríhyrninga" æfingakerfi fyrir bossann sem þjálfar alla þrjá stærstu rassvöðvana á mismunandi hátt til þess að:

- Minnka ummál mjaðma og læra og losna við þaulsetna lærapoka;
- Móta og styrkja rassvöðvana til þess að skapa aðlaðandi kúlurass;
- Lyfta rassinum upp án skurðaðgerðar.

**Námskeið kl. 6.10-6.55 Þri. og fim. Námskeið. kl. 12.05-12.45 mán. og mið. Verð: Kr.16.990.-**
**Kennari: Tanya Dimitrova. Námskeiðin byrja 4. og 5. apríl. Nánari upplýsingar á www.hress.is**

# Nýtt Zumba 6 vikna námskeið hefst 5. april.

- Zumba er skemmtileg, árangursrík og einföld fitubrennslu veisla, sem er full af gleði og fyllt innblæstri frá Latin dansi.
- Zumba er fyrir alla: Bæði kvenmenn og karlmenn. Zumba er fyrir fólk á öllum aldri.
- Zumba mun koma þér í betra form og betra skap á sama tíma. Þér finnst þú vera að dansa og leika þér á meðan þú ert að brenna fullt af hitaeiningum.
- Zumba mun móta kviðvöðvana þína, mjaðmirnar og lærin.
- 10 milljónir manna um allan heim stunda Zumba, sem er vinsælasta fitness æðið í dag.

**Þrið og fim. kl.12:05 Verð Kr. 16.990.-**
**Kennari: Tanya, sem er löggiltur alþjóðlegur Zumba Fitness danskennari.**
**Nánari upplýsingar á www.hress.is**

ZUMBA® fitness



# Pilates balls & rings

Á námskeiðinu eru notaðir pilates boltar og hringir til þess að gera æfingarnar fjölbreyttar og krefjandi. Þú eykur liðleika, sveiganleika og brennslu án hamagangs.

## 6 vikna námskeið hefjast hefjast 5. april.

**Námskeið kl. 6.05 Þri. og fim. ( Hrauni) og kl. 10.00 á sunnudögum. (Völlum)**

**Námskeið kl. 17.30 á þri. og fim. og kl. 10.00 á sunnudögum. ( Völlum )**
**Verð kr. 21.990**

**Kennari: Petra Baumruk. Nánari upplýsingar á www.hress.is**

**Við fylgjumst vel með í Hress og bjóðum uppá það árangursríkasta og vinsælasta í heiminum í dag.**

Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565-2212/565-2712 mottaka@hress.is
www.hress.is

ÁSMEGIN Sjúkraþjálfun

HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ÆGIRINGARNIR** Anton Sveinn Mckee og Eygló Ósk Gústafsdóttir settu bæði Íslandsmet á sterku sundmóti í Stokkhólmi um helgina. Eygló Ósk bætti sitt eigið met í 200 metra baksundi en Anton Sveinn bætti 22 ára gamalt met Ragnars Guðmundssonar í 800 metra skriðsundi. Eygló synti á 2:17,83 mínútum en gamla metið hennar var ekki nema hálfsmánaðargamalt. Anton Sveinn synti á tímanum 8:24,54 mínútum en gamla metið hans Ragnars sem var sett í Bonn árið 1989 var 8:28,28 mínútur.

## UNDANK. EM

### A-RIÐILL

**Þýskaland-Kasakstan** **4-0**
Klose 2(3., 88.), Müller 2 (25.,43.)
**Austurríki-Belgia** **0-2**
**Stig liða:** Þýskaland 15, Belgía 7, Austurríki 7, Tyrkland 6, Aserbaídsjan 3, Kasakstan 0.

### B-RIÐILL

**Armenía-Rússland** **0-0**
**Írland-Makedónía** **2-1**
McGeady (2.), Keane (21.) - Trickovski (45.)
**Andorra-Slóvakía** **0-1**
**Stig liða:** Slóvakía 10, Rússland 10, Írland 10, Armenía 8, Makedónía 4, Andorra 0.

### C-RIÐILL

**Serbía-Norður-Írland** **2-1**
**Slóvenía-Ítalía** **0-1**
Motta (73.)
**Stig liða:** Ítalía 13, Slóvenía 7, Serbía 7, Eistland 6, Norður-Írland 5, Færeyjar 1.

### D-RIÐILL

**Lúxemborg-Frakkland** **0-2**
Mexès (28.), Gourcuff (72.)
**Bosnía-Rúmenía** **2-1**
**Albanía-Hvíta-Rússland** **1-0**
**Stig liða:** Frakkland 12, Hvíta-Rússland 8, Albanía 8, Bosnía 7, Rúmenía 2, Lúxemb. 1.

### E-RIÐILL

**Ungverjaland-Holland** **0-4**
Van der Vaart Goal (8.), Afellay (45.), Kuyt (54.), Van Persie (62.)
**Stig liða:** Holland 15, Ungverjal. 9, Svíþjóð 6, Moldóvía 6, Finnland 3, San Marínó 0.

### F-RIÐILL

**Georgía-Króatía** **1-0**
**Ísarel-Lettland** **2-1**
**Malta-Grikkland** **0-1**
**Stig liða:** Grikkland 11, Króatía 10, Georgía 9, Ísrael 7, Lettland 4, Malta 0.

### G-RIÐILL

**Wales-England** **0-2**
Lampard, víti (7.), Bent (15.)
**Hvíta-Rússland-Sviss** **0-0**
**Stig liða:** England 10, Svartfjallaland 10, Sviss 4, Búlgaría 4, Wales 0.

### H-RIÐILL

**Kýpur-Ísland** **0-0**
**Lið Íslands:** Stefán Logi Magnússon - Birkir Már Sævarsson, Kristján Örn Sigurðsson, Hermann Heiðarsson, Indriði Sigurðsson - Aron Einar Gunnarsson, Eggert Gunnþór Jónsson - Rúrik Gíslaon (63., Alfreð Finnbogason), Gylfi Þór Sigurðsson (90., Birkir Bjarnason), Jóhann Berg Guðmundsson (59., Arnór Smárason) - Heiðar Helguson. **Ónotaðir varamenn:** Helgi Valur Daníelsson, Ólafur Ingi Skúlason, Bjarni Ólafur Eiríksson og Haraldur Björnsson.
**Noregur-Danmörk** **1-1**
Huseklepp (81.) - Rommedahl (27.)

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Noregur** | **4** | **3** | **1** | **0** | **6-3** | **10** |
| Portúgal | 4 | 2 | 1 | 1 | 10-7 | 7 |
| **Danmörk** | **4** | **2** | **1** | **1** | **5-4** | **7** |
| Kýpur | 4 | 0 | 2 | 2 | 5-8 | 2 |
| **Ísland** | **4** | **0** | **1** | **3** | **2-6** | **1** |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Portúgal-Noregur** | **4. júní** |
| Ísland-Danmörk | 4. júní |
| **Noregur-Ísland** | **2. september** |
| Kýpur-Portúgal | 2. september |
| **Ísland-Kýpur** | **6. september** |
| Danmörk-Noregur | 6. september |

### I-RIÐILL

**Spánn-Tékkland** **2-1**
David Villa 2 (69., 73. víti) - Plasil (29.)
**Stig liða:** Spánn 12, Tékkland 6, Skotland 4, Litháen 4, Liechtenstein 0.

# EINSTÖK BYRJUN STEFÁNS LOGA

**Stefán Logi Magnússon varð á laugardaginn fyrsti íslenski markvörðurinn til að verja víti og halda marki sínu hreinu í mótsleik og sá til þess öðrum fremur að karlalandsliðið fékk sitt fyrsta stig í undankeppni EM.**

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið náði í sín fyrstu stig í undankeppni EM 2012 á Kýpur á laugardagskvöldið þegar liðið náði markalausu jafntefli á móti heimamönnum. Íslenska liðið átti lengst af undir högg að sækja í leiknum en athygli vakti frábær frammistaða hins þrítuga Stefáns Loga Magnússonar, sem var að leika sinn fyrsta mótsleik fyrir Íslands hönd. Stefán Logi var búinn að leika fjóra vináttulandsleiki en stóð nú í fyrsta sinn í marki Íslands í mótsleik.

Stefán Logi kom sér í sögubækurnar í leiknum með því að verja víti og halda hreinu í sama leiknum en það hafði enginn íslenskur markvörður afrekað í leik í undankeppnum HM og EM. Stefán Logi varð fimmti markvörðurinn sem nær að verja víti en þeir höfðu allir þurft að sækja boltann í markið sitt í sama leik.

„Ég lærði það hjá Gumma Hreiðars að verja víti,“ sagði Stefán Logi í léttum tón í í viðtali við Arnar Björnsson á Stöð 2 Sport eftir leik og Guðmundur Hreiðarsson var ánægður með sinn mann þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Þetta var frábær byrjun hjá honum og það er í raun og veru erfitt að byrja mikið betur en þetta. Ég er mjög ánægður fyrir hans hönd að hann hafi fengið verðskuldað tækifæri með landsliðinu þó að Gunnleifur hafi verið að standa sig mjög vel og sé góður markmaður. Mér fannst Stefán eiga skilið þetta tækifæri og hann nýtti það mjög vel,“ sagði Guðmundur.

Stærsta próf leiksins var vítið, sem Stefán Logi varð á stórglæsilegan hátt. „Hann er góður vítamarkvörður og hann sýndi það í þessu víti. Hann er með mikinn sprengikraft, mikinn stökkraft og mikið vænghaf. Mér fannst hann líka taka leikmann Kýpur á taugum. Þetta var föst spyrna og langt frá því að vera auðveldur bolti. Þetta var fast víti og það hefði örugglega verið sagt að þetta hefði verið öruggt víti ef að Stefán hefði farið í hitt hornið,“ sagði Guðmundur í léttum tón og bætti við: „Ég sá það strax á honum þegar myndavélin var með hann í nærmynd að hann myndi taka þetta víti,“ sagði Guðmundur, sem var búinn að heyra í Stefáni Loga og fara yfir leikinn með honum.



**STEFÁN LOGI OG GUÐMUNDUR** Guðmundur Hreiðarsson hefur hjálpað Stefáni Loga Magnússyni að byggja upp feril sinn upp á nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við ræddum saman í morgun (í gær) og fórum yfir leikinn eins og við gerum oft. Við tölum oft saman oft í viku og förum saman yfir leiki. Ég hef þekkt Stefán Loga síðan hann var fimm ára þegar ég var markmaður í Víkingi og hann var lítill gutti. Mér finnst afskaplega vænt um hann og allt sem hann gerir. Við höfum unnið lengi og vel saman. Við höfum náð mjög vel saman, gengið í gegnum margan dalinn og erum á réttri leið,“ segir Guðmundur.

Stefán Logi stóð í marki Hvatar í D-deildinni fyrir rúmum fjórum árum en hefur síðan tekið mörg stór skref og er nú markvörður Lilleström, eins besta liðsins í norsku úrvalsdeildinni.

„Við settum okkur takmark fyrir nokkrum árum og flest sem við lögðum upp með hefur gengið eftir. Hann er kominn aftur í atvinnumennsku og aftur í landsliðið. Það eitt að hafa verið á sínum tíma hjá Bayern München segir allt um þá hæfileika sem þarna eru undir niðri. Það er bara spurning um að ná í þá og hann hefur verið að ná í þá á réttan hátt og hefur tekið skref fyrir skref. Þegar hann fór til Lilleström var þar fyrir 21 árs landsliðsmarkvörður Norðmanna, Andre Hansen, sem er núna aðalmarkvörður hjá Odd Grenland, og finnskur landsliðsmarkvörður sem spilar núna í rússnesku deildinni. Stefán sló þessa markmenn út,“ segir Guðmundur.

„Hann á mörg ár eftir í toppstandi og það ætti að nýtast íslenska landsliðinu. Mín skoðun er sú að Stefán á klárlega að vera númer eitt í þessu landsliði. Mér finnst hann hafa sýnt það í gær og hann átti líka góða innkomu á móti Ísrael í nóvember. Stefán er að verða betri og betri og hann sýndi það í Kýpurleiknum að hann er tilbúinn í meiri og stærri verkefni,“ segir Guðmundur að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Stefán Logi fór í augnaðgerð í vetur



Stefán Logi Magnússon var að spila fyrsta landsleik sinn eftir að hann lét laga hjá sér sjónskekkju á öðru auga. Aðgerðin var meðal annars tekin fyrir og sýnd í norska sjónvarpinu. Guðmundur Hreiðarsson er sannfærður um að betri sjón eigi sinn þátt í frammistöðu Stefáns Loga á Kýpur um helgina.

„Stefán Logi fór í mikla augnaðgerð eftir síðasta tímabil. Hann var þá með mikla sjónskekkju á öðru auganu sem hafði háð honum lengi. Hann var með linsur þar sem hann var með mismunandi styrk á milli augna. Það hefur hjálpað honum mikið að láta laga þetta því þú getur ímyndað þér markmann sem er ekki með alveg hundrað prósent sjón á öðru auga. Nú er komið jafnvægi á þetta og allt þetta telur og hjálpar honum að sýna sinn eðlilega styrk, sem ég tel hann vera að gera,“ segir Guðmundur.

## Markverðir sem hafa varið víti í mótsleik



**Þorsteinn Bjarnason**
á móti Sovétríkjunum á Laugardalsvellinum
3. september 1980 í undankeppni HM
Ísland tapaði leiknum 1-2

**Friðrik Friðriksson**
á móti Tyrklandi í Istanbul
12. október 1988 í undankeppni HM
Ísland gerði 1-1 jafntefli

**Birkir Kristinsson**
á móti Tékklandi í Teplice
7. október 2000 í undankeppni HM
Ísland tapaði leiknum 0-4

**Kjartan Sturluson**
á móti Skotum á Laugardalsvellinum
10. september 2008 í undankeppni HM
Ísland tapaði leiknum 1-2

**Stefán Logi Magnússon**
á móti Kýpur á Larnaca
10. september 2008 í undankeppni HM
Ísland tapaði leiknum 1-2


Bestun Birtingahús

Fitnessbox
TRX Combó
Herþjálfun

World Class ICELAND


Sara Björk Gunnarsdóttir er búin að gera munnlegan samning við Malmö:

# Ekki slæmt að komast að hjá svona liði

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir er nýjasta íslenska landsliðskonan sem semur við lið í sænsku úrvalsdeildinni en hún hefur ákveðið að gera þriggja ára samning við sænsku meistarana í LdB Malmö. Sara Björk hefur verið á reynslu hjá liðinu og leist mjög vel á allar aðstæður en með Malmö-liðinu spilar einnig landsliðsmarkvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir.

„Ég er mjög spennt fyrir þessu. Ég er ekki búin að skrifa undir en ég fer út á miðvikudaginn, skrifa undir samninginn og flyt inn í íbúðina. Ég var búin að ákveða að vera eitt tímabil til viðbótar með Breiðabliki í viðbót en þegar þetta tilboð kom gat ég ekki annað en stokkið á það. Ég fékk að spila báða leikina í Tyrklandi og var inná allan tímann. Það gekk mjög vel, sem og á æfingunum,“ segir Sara Björk.



**SARA BJÖRK** Er ein besta knattspyrnukona landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sara Björk er búin að vera fastamaður í íslenska landsliðinu í þrjú ár og hefur þegar leikið 38 landsleiki þrátt fyrir að vera aðeins tvítug. Hún er uppalin í Haukum en fór til Breiðabliks á miðju sumarið 2008.

„Það er ekkert leiðinlegt að fara í svona sterkt lið en það er búið að vera markmið mitt lengi að fara út að spila. Það er ekki slæmt að komast að hjá svona liði. Ég veit að ég á eftir að bæta mig heilmikið þarna,“ segir Sara.

„Það er gaman að því hversu margar okkar eru komnar út í atvinnumennsku og við sýnum með því að kvennafótboltinn er á uppleið. Þær eru allar rosalega ánægðar í Svíþjóð og það er gott fyrir mig að heyra það, þar sem ég hafði mikinn áhuga á sænsku deildinni,“ segir Sara, sem átti líka möguleika á að fara til Bandaríkjanna.

„Ég fann ég mig vel með Malmö og kunni vel við þjálfarateymið og stelpurnar. Það skipti miklu máli og ég var bara búin að ákveða mig. Það er líka mjög þægilegt að hafa Þóru þarna úti og nú get ég farið að gera það sem ég hef stefnt að lengi,“ sagði Sara Björk. - óój




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLITIN

### Iceland Express deild karla

**Snæfell-Stjarnan 73-75 (40-38)**

**Stig Snæfells:** Ryan Amaroso 19 (13 frák.), Sean Burton 18, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 12, Zeljko Bojovic 9, Jón Ólafur Jónsson 7, Sveinn Arnar Davíðsson 6, Emil Þór Jóhannsson 2.

**Stig Stjörnunnar:** Jovan Zdravevski 20, Justin Shouse 19 Renato Lindmets 13 (12 frák.), Fannar Freyr Helgason 8, Daníel Guðmundsson 6, Marvin Valdimarsson 5, Ólafur Aron Ingvason 2, Guðjón Lárusson 2.

**Staðan er 1-0 fyrir Stjörnuna.**

**Undanúrslitaeinvígi KR og Keflavíkur** hefst í kvöld með þegar fyrsti leikurinn fer fram í DHL-höll KR-inga og verður hann í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Þetta er í áttunda sinn sem þessi félög mætast í úrslitakeppninni, Keflavík hefur fimm sinnum farið áfram en KR hefur unnið tvisvar þar á meðal 3-0 í síðasta einvígi liðanna sem var í undanúrslitum fyrir tveimur árum. Leikurinn hefst klukkan 19.15.

### Iceland Express deild kvenna

**KR-Keflavík 62-70 (34-32)**

**Stig KR:** Margrét Kara Sturludóttir 13 (10 frák.), Hildur Sigurðardóttir 11, Melissa Ann Jeltema 10, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 8, Signý Hermannsdóttir 7, Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir 7, Hafrún Hálfdánardóttir 4, Helga Einarsdóttir 2.

**Stig Keflavíkur:** Marina Caran 21, Birna Valgarðsdóttir 14, Pálína Gunnlaugsdóttir 13, Bryndís Guðmundsdóttir 11, Lisa Karcic 8 (16 frák./3 varin), Ingibjörg Jakobsdóttir 3.

**Keflavík vann einvígið 3-1.**

**Njarðvík-Hamar 79-70 (42-33)**

**Stig Njarðvíkur:** Shayla Fields 30, Julia Demirer 27 (15 frák.), Dita Liepkalne 16 (8 frák./8 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 6.

**Stig Hamars:** Jaleesa Butler 36 (12 frák.), Slavica Dimovska 13 (8 stoðs.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 11, Þórunn Bjarnadóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 3, Jenný Harðardóttir 2, Kristrún Sigurjónsdóttir 1.

**Staðan er 2-2 í einvíginu**. Liðin mætast í oddaleik í Hvergerði á morgun.

### N1-deild karla í handbolta

**Haukar - Fram 22-34 (12-18)**

**Mörk Hauka (Skot):** Stefán Rafn Sigurmannson 7 (17), Tjörvi Þorgeirsson 4 (8), Heimir Óli Heimisson 3 (4), Freyr Brynjarsson 3 (6), Guðmundur Árni Ólafsson 2 (3), Björgvin Þór Hólmgeirsson 2 (4), Einar Pétur Pétursson 1 (1).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 18/1 (29/5, 39%), Aron Rafn Eðvarsson 0 (4/2)

**Hraðaupphlaupsmörk:** 4 ( Freyr Brynjarsson , Guðmundur Árni 2, Stefán Rafn)

**Mörk Fram (skot):** Einar Rafn Eiðsson 8/6 (17/8), Jóhann Karl Reynisson 7 (9), Andri Berg Haraldsson 6 (9), Jóhann Gunnar Einarsson 6 (10), Haraldur Þorvarðarson 3 (3), Magnús Stefánsson 1 (4), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (1), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (3), Matthías Daðason 1 (1).

**Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 16 (21/1, 43%), Björn Viðar Björnsson 0 (1)

**Hraðaupphlaupsmörk:** 5 (Stefán Baldvin 2, Jóhann Karl 2, Jóhann Gunnar)

# HEF OFT SKORAÐ FRÁ ÞESSUM STAÐ ÁÐUR

**Justin Shouse tryggði Stjörnunni 75-73 sigur gegn Íslandsmeistaraliði Snæfells með tveimur mögnuðum þriggja stiga körfum á lokamínútunni. Minnstu munaði að upp úr syði í leikslok. Þetta var fyrsta heimatap Snæfells í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég var vanur því að skjóta frá þessum stað á æfingum og skora í „andlitið“ á Hlyni Bæringssyni – ég hef því gert þetta margoft áður,“ sagði Justin Shouse, leikmaður Stjörnunnar, eftir 75-73 sigur liðsins gegn Íslandsmeistaraliði Snæfells í undanúrslitum Iceland Express deildarinnar í körfuknattleik.

Shouse skoraði tvær þriggja stiga körfur á lokamínútu leiksins og kom gestunum yfir þegar mest á reyndi. Hann virtist kunna vel við sig á gamla heimavellinum en hann lék með Snæfellsliðinu í tvö ár áður en hann fór til Stjörnunnar fyrir þremur árum. „Það var ekkert fallegt við þetta, ég var ekki búinn að hitta vel og þar sem Renato Lindmets var farinn út af með fimm villur vissi ég að það yrði erfitt að fara með þetta í framlengingu. Við getum unnið öll lið og sjálfstraustið er í góðu lagi hjá okkur,“ bætti Shouse við en hann skoraði alls 19 stig í leiknum.

Lokamínútan í Fjárhúsinu í gær var lygilega spennandi. Renato Lindmets, einn besti leikmaður Stjörnunnar, fékk sína fimmtu villu tveimur mínútum fyrir leikslok. Staðan var á þeim tíma 69-67 fyrir Snæfell. Pálmi Freyr Sigurgeirsson skoraði þriggja stiga körfu og breytti stöðunni í 72-67 fyrir heimamenn og sigurinn virtist í sjónmáli. Þá var komið að hinum magnaða Justin Shouse. Hann svaraði með þriggja stiga skoti, 72-70, þegar 40 sekúndur voru eftir. Hann bætti við öðrum þristi þegar 18 sekúndur voru eftir og kom Stjörnunni yfir, 73-72.

Snæfell fékk innkast og virtist í góðri stöðu að jafna eða komast yfir. Jovan Zdravevski var á öðru máli og stal boltanum af Sean Burton sem braut á Zdravevski, sem hitti úr báðum skotunum, 75-72 fyrir Stjörnuna. Zeljko Bojovic fór á vítalínuna fyrir Snæfell þegar 1,6 sek. voru eftir af leiknum – hann hitti úr fyrra skotinu og reyndi ekki að skora úr því síðara. Amaroso náði frákastinu og skot hans úr erfiðri stöðu fór framhjá en hann vildi meina að brotið hefði verið á sér.

Í leikslok sauð næstum því upp úr þegar Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, og Amaroso skiptust á vel völdum orðum. Ganga þurfti á milli þeirra og skilja þá að og er ljóst að það verður eitthvað mikið í gangi á þriðjudaginn þegar liðin mætast öðru sinni.

„Við gerðum ekki það sem við ætluðum að gera. Byrjunin var góð, 16-1, en við fórum síðan út úr því plani sem við lögðum upp með,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells.

seth@frettabladid.is



VAR GÖMLU FÉLÖGUNUM ERFIÐUR Justin Shouse skoraði tvær mikilvægar þriggja stiga körfur á úrslitastundu í Hólminum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



KOMUST Í 1-0 Íslensku stelpurnar fagna hér marki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HM kvenna í íshokkí í gær:

## Tap í fyrsta leik

**ÍSHOKKÍ** Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí tapaði 1-3 fyrir Nýja-Sjálandi í fyrsta leik sínum í 4. deild Heimsmeistarakeppni kvenna sem fram fer hér á landi og lýkur 1. apríl. Þetta er í fyrsta sinn sem svona mót er haldið á Íslandi. Íslenska liðið fékk draumabyrjun þegar Birna Baldursdóttir kom íslenska liðinu í 1-0 eftir tæplega tíu mínútna leik eftir að hafa fengið stoðsendingu frá Guðrúnu Blöndal.

Það tók hins vegar stelpurnar frá Nýja Sjálandi bara rúmar fjórar mínútur að jafna metin og þær kimust síðan yfir á 28. mínútu og innsigluðu svo sigurinn á lokamínútunni.

Rúmenía, Suður-Kórea og Suður-Afríka taka líka þátt í mótinu og er næsti leikur íslenska liðsins á móti Rúmeníu á þriðjudagskvöldið. - óój

Meistaradeildin í handbolta:

## Kiel og Löwen í góðum málum

**HANDBOLTI** Kiel og Rhein-Neckar Löwen eru í góðum málum í Meistaradeildinni eftir góða útisigra í fyrri leikjum sínum í 16 liða úrslitum.

Ólafur Stefánsson skoraði 7 mörk þegar Löwen vann 31-28 sigur á Croatia Zagreb en Róbert Gunnarsson skoraði ekki og Guðjón Valur Sigurðsson spilaði ekki. Aron Pálmarsson skoraði sex mörk fyrir Kiel sem vann sjö marka útisigur á danska liðinu Kolding, 36-29. - óój




Keflavíkurkonur komust í lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitilinn eftir sigur á KR:

# Með stórkostlegt lið í höndunum

**KÖRFUBOLTI** Keflavík komst í gær í úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn eftir sigur, 70-62, gegn KR í DHL-höllinni, en þær unnu því einvígið 3-1.

Keflvíkingar byrjuðu leikinn mjög vel og náðu fljótlega ákveðnu frumkvæði í leiknum. Heimastúlkur komu þá til baka og virtust ætla ná yfirhöndinni í leiknum en Keflavík var aldrei langt undan. Í fjórða leikhlutanum kom virkilega öflugt Keflavíkurlið til leiks en þær gáfu KR-stúlkum aldrei færi á að komast inn í leikinn. Keflavík er því í úrslitum og mætir þar annað hvort Njarðvík eða Hamarsstúlkum.

„Við ætluðum okkur í úrslit og því erum við í toppmálum,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, eftir sigurinn í gær. .

„Þetta var hörkuleikur þar sem tvö frábær lið mættust en þegar upp er staðið var það fjórði leikhlutinn sem skilaði okkur þessum sigri. Liðið er skipað gríðarlega reyndum leikmönnum sem hafa spilað milljón svona leiki og það hjálpar mikið í svona leik. Ég er með stórkostlegt lið í höndum og það frábært að sigra þær á þeirra eigin heimavelli,“ sagði Jón Halldór.

„Þetta er alveg hræðilega sárt,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir leikinn í gær.

„Ég tek stelpurnar aðeins inn á mig og þegar þeim líður illa líður mér illa. Þegar upp er staðið þá komum við bara ekki með nóg í þetta einvígi. Við vorum með ákveðin tök á þessum leik alveg fram í fjórða leikhluta en þá fórum við að gera of mikið af mistökum,“ sagði Hrafn að lokum. **- sáp**



**LISA KARCIC** Keflavík hefur unnið báða leiki sína með hana innanborðs. Hér er hún í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JÓHANN GUNNAR EINARSSON** Lék vel í gær en hér hefur Freyr Brynjarsson náð taki á boltanum og kannski aðeins meiru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framarar völtuðu yfir Hauka á Ásvöllum í gær:

# Tólf marka Framsigur

**HANDBOLTI** Fram vann magnaðan sigur gegn Haukum í gær á Ásvöllum í 19. umferð N1-deildar karla, en leiknum lauk með 34-22 sigri Safamýrarpilta.

Framarar eru greinilega búnir að hrista af sér slenið í N1-deild karla því þeir fylgdu eftir góðum sigri á Selfossi á fimmtudagskvöldið með því fara á kostum á Ásvöllum í gær.

Framarar hófu leikinn af miklum krafti og náðu fljótlega góðu forskoti sem þeir héldu út leikinn. Haukar sáu aldrei til sólar og voru hreinlega skelfilegir á öllum sviðum. Einar Rafn Eiðsson, leikmaður Fram, var atkvæðamestur hjá gestunum með átta mörk. Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Haukar, átti í raun fínan leik en hann varði 18 skot.

„Þetta var bara afhöfðun með öllu,“ sagði Einar Örn Jónsson, leikmaður Hauka, eftir leikinn í gær.

„Það er sama hvar litið er á okkar leik, það var allt í rusli. Varnarleikur okkar var hræðilegur og ekkert gekk upp hjá okkur sóknarlega.“

„Þetta var mun auðveldara en ég bjóst við,“ sagði Jóhann Gunnar Einarsson, leikmaður Fram, eftir sigurinn í gær.

„Við náðum góðu áhlaupi á þá í byrjun leiks og aldrei þessu vant héldum við forskotinu. Bæði þessi lið erum við að berjast um að komast í úrslitakeppnina og því eru þetta algjörlega fáránleg úrslit. Það voru allir að leggja sitt af mörkum í dag og menn virtust geta leyst hvaða hlutverk sem er,“ sagði Jóhann Gunnar sáttur eftir leikinn í gær. **- sáp**







> **Liam Neeson**

„Því betur sem þér vegnar, þeim mun meir langar fólki að gefa þér hluti án nokkurrar ástæðu.“

***Liam Neeson leikur Skotann Rob Roy, sem treysti vondum mönnum og var á endanum orðinn leiksoppur í valdatafli sem ógnaði öllu sem honum var kærast, í sannsögulegu kvikmyndinni Rob Roy sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SKEMMTIR SÉR YFIR GÖMLU SJÓNVARPSEFNI

# *Gömul kynni endurnýjuð*

Nú vill svo til að ég hef verið sjónvarpslaus í rúmar tvær vikur vegna loftnetsbilunnar og getur þessi staðreynd reynst manni þrándur í götu þegar skrifa skal fjölmiðlapistil.

Eins skemmtilegt og sjónvarpsáhorf er á stundum getur það einnig reynst bölvaður tímaþjófur. Í sjónvarpsleysi undanfarinna daga hef ég nýtt tímann sem annars færi í sjónvarpsgláp í margt annað. Ég pússaði og lakkaði glugga, las nokkrar bækur, fór yfir skattskýrsluna og eitt kvöldið fór ég meira að segja í bíó. Ég hef sem sagt komið miklu í verk síðustu kvöld og er satt að segja svolítið ánægð með sjálfa mig vegna þessa.



En svo gerðist það á fimmtudaginn síðasta að ég hafði engan áhuga á að gera nokkuð uppbyggilegt heldur langaði mig bara að setjast fyrir framan sjónvarpsskjáinn í makindum mínum og taka einn rúnt um fjölvarpið, sem var auðvitað ekki í boði. Ég ákvað því að fara á heimasíðu South Park sjónvarpsþáttanna og horfa á einn slíkan. Ég valdi þáttaröð númer sex og horfði á fyrsta þáttinn til enda og svo koll af kolli þar til ég var búin með hálfa þáttaröðina.

Ég hef alltaf verið svolítill aðdáandi þessara þátta en hafði ekki horft á þá í dágóðan tíma. Á þessu fimmtudagskvöldi rifjaðist þó upp fyrir mér hversu skemmtilegir þeir eru þrátt fyrir subbulegheitin. Ekki má heldur gleyma boðskap þáttanna en þeir geyma mikinn boðskap þótt útlit þeirra gefi annað í skyn.

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Eva María og Atli Heimir Sveinsson**
**17.20 Landinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Mærin Mæja** (8:52)
**18.08 Franklín** (57:65)
**18.30 Sagan af Enyó** (13:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Landsleikur í fótbolta** (England - Ísland u21) Ísland og England leika undirbúningsleik fyrir Evrópumót landsliða yngri en 21 árs sem fram fer í Danmörku í sumar. Leikurinn fer fram í Manchester á Englandi og er lokapunkturinn á æfingaferð landsliðsins sem hófst í Úkraínu.
**21.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (8:12) (Svefnrannróknir, loftgæði og gigtarmeðferð.) Geta gullfiskar, rannsóknir á svefni manna og lyfjaprófanir tengst á einhvern hátt? Og eru loftgæði í Reykjavík í lagi? Við kynnumst líka stórbættri meðferð gigtar og rannsóknum á því sviði.
**21.30 Mumbai kallar** (7:7) (Mumbai Calling) Bresk gamanþáttaröð um Kenny, Indverja fæddan á Bretlandi, sem er sendur til Mumbai til að taka við rekstri símavers.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Íslenski boltinn** Í þættinum er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
**23.00 Meistaradeild í hestaíþróttum**
**23.20 Fréttir** (e)
**23.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Romance and Cigarettes**
**10.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**12.00 First Wives Club**
**14.00 Romance and Cigarettes**
**16.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**18.00 First Wives Club**
**20.00 Vantage Point**
**22.00 Rob Roy**
**00.15 Jurassic Park 3**
**02.00 Already Dead**
**04.00 Rob Roy**
**06.00 Hancock**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lie to Me** (3:13)
**11.00 Masterchef** (7:13)
**11.45 Falcon Crest** (21:28)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent**
**15.05 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (13:19)
**19.45 The Big Bang Theory** (4:17)
**20.10 Jamie Oliver's Food Revolution** (1:6) Sjónvarpskokkurinn geðþekki ferðast til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki.
**21.00 The Event** (13:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök.
**21.45 Nikita** (4:22) Þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.
**22.30 Saving Grace** (4:14) Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
**23.15 Modern Family** (17:24)
**23.40 Chuck** (19:19)
**00.25 Burn Notice** (14:16)
**01.10 Saawariya**
**03.35 Lie to Me** (3:13)
**04.20 The Event** (13:23)
**05.05 Jamie Oliver's Food Revolution** (1:6)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.50 Undankeppni EM** Útsending frá leik Kýpur og Íslands í undankeppni EM í knattspyrnu.
**19.35 Kings Ransom** Einstök heimildarmynd um óvænta sölu íshokkístjörnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til Los Angeles Kings árið 1988. Hann hafði leitt kanadíska liðið til fjögurra meistaratitla í Stanley-bikarnum og var almennt talinn besti íshokkíleikmaður heims. Það setti því allt á annan endann í íshokkíheiminum þegar þjóðargersemi Kanada voru send í sólina í Kaliforníu.
**20.30 Golfskóli Birgis Leifs** (1:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.50 Undankeppni EM** Útsending frá leik Wales og Englands í undankeppni EM í knattspyrnu.
**23.35 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.15 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**17.45 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.45 PL Classic Matches: Everton - Liverpool, 2003**
**19.15 Man. City - Wolves** Útsending frá leik Manchester City og Wolves í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.30 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik Liverpool og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Game Tíví** (9:14) (e)
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Spjallið með Sölva** (6:16) (e) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**19.00 Judging Amy** (21:22) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**19.45 Will & Grace** (12:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 One Tree Hill - NÝTT** (1:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Clay og Quinn berjast fyrir lífi sínu í þessum fyrsta þætti af vinunum í Tree Hill. Brooke kemur sér í vandræði vegna átaks sem hún stendur fyrir.
**20.55 Hawaii Five-O** (4:24) Ný þáttaröð sem byggist á samnefndnum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Strokufangi leikur lausum hala á Hawaii. Hann drap þrjá fangaverði á leið sinni úr fangelsi og mun halda uppteknum hætti nema þremenningarnir, McGarrett, Danny og Chin komi honum aftur í grjótið.
**21.45 CSI** (11:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 Californication** (1:12) (e)
**23.50 Rabbit Fall** (6:6) (e)
**00.20 Will & Grace** (12:24) (e)
**00.40 Hawaii Five-O** (4:24) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.00 Arnold Palmer Invitational** (4:4)
**12.10 Golfing World**
**13.00 Arnold Palmer Invitational** (4:4)
**17.10 Golfing World**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Arnold Palmer Invitational** (4:4)
**23.00 Golfing World**
**23.50 Champions Tour - Highlights** (4:25)
**00.45 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 ER** (20:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Chase** (13:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost.
**22.35 Pressa** (2:6) Ný þáttaröð af Pressu. Nú hafa liðið nokkur ár frá því við skildum við blaðakonuna Láru en hún vinnur nú sem upplýsingafulltrúi olíufélags. Þegar forstjórinn grunaður er um að vera viðriðinn morð á ungri konu vaknar óbilandi sannleiksþrá Láru og áður en hún veit af er hún farin að stunda rannsóknarblaðamennsku á Póstinum á ný.
**23.25 Boardwalk Empire** (6:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum.
**00.25 ER** (20:22)
**01.10 The Doctors**
**01.50 Sjáðu**
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Tveir gestir**
**18.45 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Einn fremsti hráfæðiskokkur Breta og hvernig pössum við upp á blóðsykurinn.
**20.30 Golf fyrir alla** Skoðum grunnatriði sveiflunnar með golfpro.
**21.00 Frumkvöðlar** Skoðum Gulleggshafa.
**21.30 Eldhús meistarana** Magnús Ingi á Silfrinu á Hótel Borg.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Sparaðu með Miele



Með því að velja Miele eldhústæki leggur þú grunn að langtímasparnaði og hærra endursöluverði íbúðarinnar.

- Hraðhitun
- Jöfn hitadreifing
- Auðveld þrif
- 20 ára ending
- Keramikhelluborð verð frá kr. 108.370
- Ofnar verð frá kr. 125.100



Care Collection hreinsiefni og klútar, sérstaklega framleitt fyrir Miele ofna og helluborð.

vilborga@centrum.is

Farðu alla leið með Miele

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10
### Jamie Oliver's Food Revolution



Breski sjónvarpskokkurinn og sjarmörinn Jamie Oliver heldur til Bandaríkjanna og tekst á við langerfiðasta verkefni sitt til þessa, að bæta mataræði bandarísku þjóðarinnar. Hann hefur átakið í óheilbrigðustu borginni af þeim öllum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Eru Íslendingar mikil bókaþjóð? **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.00** Deal or No Deal **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Top Gear **11.30** Keeping Up Appearances **12.00** ,Allo ,Allo! **12.35** Fawlty Towers **13.05** New Tricks **13.55** New Tricks **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** ,Allo ,Allo! **17.00** Fawlty Towers **17.30** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** QI Children in Need Special **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **11.00** DR1 Dokumentaren **12.00** Klovedal i Indonesien **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Downton Abbey **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Kaj og Andrea **15.00** Downton Abbey **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Jamie Olivers eget køkken **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Jamie i det fede USA **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Hercule Poirot **21.35** Talismanen **22.25** Godnat

## NRK 1

**11.35** Verdensarven **11.50** Glimt av Norge **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Oppdrag Sognefjorden **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Popstokk **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Puls **18.25** Den nordiske smaken **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Bibliotekstyven **20.30** Sangskatter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Mysterier med George Gently **22.45** Nytt på nytt

## SVT 1

**12.35** Flight of the Conchords **13.05** Vilma **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Två kockar i samma soppa **14.55** Mästarnas mästare **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Djursjukhuset **18.30** Det söta livet **19.00** Gynekologen i Askim **20.00** Hej litteraturen! **20.30** Barn av sitt språk **21.00** Monty Python 40 år **22.00** Veckans brott **23.00** Rapport







**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta mest á Gullbylgjuna því ég vil hafa lögin sem ég hlusta á létt og rómantísk. Ef það koma skemmtileg lög hækkum við svo mikið í græjunum að við erum þegar búin að sprengja einn hátalara.“*

Gríma Kristinsdóttir, hárgreiðslukona og þátttakandi í þáttunum Hamingjan sanna.

# Jóhanna fær annað tækifæri

„Þetta er þvílíkur heiður og ofsalega gaman að heyra,“ segir söngkonan Jóhanna Guðrún.

Lag hennar, Nótt, hefur verið valið til þátttöku í OGAE Second Chance keppninni í Svíþjóð í lok maí. Þar taka þátt nítján lög sem komust ekki í lokakeppni Eurovision í Þýskalandi og Eurovisonaðdáendum þykja verðug til að fá annað tækifæri. Því er um nokkurs konar B-Eurovision-keppni að ræða. Hera Björk vann einmitt þessa keppni árið 2009 með lagið Someday sem hún flutti fyrir hönd Danmerkur.

Þeir aðdáendur sem tóku þátt í valinu tilheyra þeim 150 þjóðum sem geta ekki tekið þátt í Eurovision-keppninni sökum landfræðilegrar stöðu auk sjö til átta landa sem taka þátt í keppninni en eiga ekki OGAE-aðdáendaklúbb og er Ísland þar á meðal. Yfir 90% þeirra sem tóku þátt í kosningunni völdu lag Jóhönnu sem framlag sitt í keppnina. Það kemur ekki á óvart miðað við óánægju margra erlendra Eurovision-aðdáenda yfir því að Nótt skyldi ekki komast í úrslit Eurovision. „Það er ótrúlegt hvað fólk er trygglynt þarna úti. Maður er rosalega þakklátur fyrir að fólk skuli ennþá muna eftir manni því í þessum bransa er maður gleymdur á fimm mínútum,“ segir Jóhanna.

Hún er á leiðinni til Svíþjóðar á miðvikudaginn þar sem hún syngur með Friðriki Ómari á íslenskum tónleikum í Stokkhólmi. „Friðrik er yndislegur og ég er heppin að fá að syngja með honum. Þetta verður æðislega gaman.“ - fb



**FÆR ANNAÐ TÆKIFÆRI** Jóhanna Guðrún hefur verið valin til þátttöku í OGAE Second Chance keppninni í Svíþjóð í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Svo virðist sem lagið Thank You með **Jóni Þór Sigurðssyni** og félögum í Diktu sé í þann mund að slá í gegn í Þýskalandi, rétt eins og það gerði hér á landi. Lagið fór beint í níunda sætið á vinsældalista þýska háskólaútvarpsins sína fyrstu viku á lista og er þar skammt undan heimfrægum hljómsveitum á borð við Foo Fighters, The Strokes og Radiohead.

Vinsældir Thank You koma sér vel því Dikta er á leiðinni í sína fyrstu stóru tónleikaferð um Þýskaland sem hefst í Köln 16. maí. Þar verður platan Get It Togheter kynnt, sem kom út á vegum fyrirtækjanna Smarten-Up og Rough Trade í Evrópu 11. mars. Dikta hyggur einnig á tónleikahald í Austurríki, Sviss og Danmörku á næstunni. Það er því spurning hvort söngvarinn **Haukur Heiðar** ætti ekki að vippa textanum á Thank You yfir á þýsku eins og gert er með langflest annað afþreyingarefni í þýskumælandi löndum. „Danke“ hljómar bara ansi vel. - fb






**Bjarna Þór í stjórn VR**

**Kæri VR félagi**

Nýverið samþykkti stjórn VR tillögu mína um að hefja undirbúning á stofnun húsnæðisfélags VR.

Markmiðið er að félögum í VR gefist kostur á öruggu leiguhúsnæði á hagstæðu verði.

Nýtum fjármuni VR til jákvæðrar uppbyggingar í félagsstarfinu og til hagsbóta fyrir félagsmenn.

**Ég leita eftir stuðningi ykkar til að fylgja þessu hagsmunamáli eftir.**

**Nýttu þér kosningaréttinn á VR.is**

VR



Bestun Birtingahús

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

World Class ICELAND

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði




**Á LEIÐ ÚT** Elmar Johnson og Kolfinna Kristófersdóttir eru komin á samning hjá Next-umboðsskrifstofunni, sem er ein sú umsvifamesta í heimi. Þau halda út til New York í vor.

ELMAR JOHNSON: SPENNANDI TÆKIFÆRI Í MÍLANÓ

# Læknisfræðin í forgangi

Umboðsskrifstofan Next hefur bætt tveimur íslenskum fyrirsætum á skrá hjá sér. Umboðsskrifstofan er ein sú umsvifamesta í heiminum og er með skrifstofur í London, New York, Mílanó og París auk annarra borga og hafa fyrirsætur á borð við Millu Jovovich, Abbey Lee, Miröndu Kerr og Önju Rubik verið á mála hjá skrifstofunni.

Fyrirsæturnar Elmar Johnson og Kolfinna Kristófersdóttir, sem eru bæði á skrá hjá Eskimo, voru valin úr stórum hópi fyrirsæta af einum fremsta útsendara Next-skrifstofunnar. Andrea Brabin, eigandi Eskimo, segir Next vera mjög vandláta þegar kemur að því að taka inn nýjar fyrirsætur á skrá og því séu þetta stórskemmtilegar fréttir.

Elmar skrifaði undir samning hjá Eskimo í ágúst á síðasta ári. Hann er þó ekki alls óreyndur í fyrirsætubransanum því hann hefur tekið að sér ýmis fyrirsætuverkefni frá tíu ára aldri. Elmar flýgur til New York í lok maí eftir að skóla lýkur en hann er á fjórða ári í læknisfræði við Háskóla Íslands. Hann segir samninginn hafa komið sér mikið á óvart en er spenntur fyrir því að takast á við ný og spennandi verkefni. „Ég neita því ekki að þetta er spennandi tækifæri og það verður gaman að fara út og sjá hvað er í boði og hvernig hlutirnir þróast,“ segir Elmar, sem mun dvelja í borginni sumarlangt ásamt kærustu sinni.

Inntur eftir því hvernig gangi að samræma námið og fyrirsætustarfið segir Elmar það hafa gengið nokkuð vel hingað til en að námið hafi ávallt forgang. „Maður þarf aðeins að hliðra til hér og þar en hingað til hefur þetta gengið nokkuð vel,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

# Kominn í norskan leikhóp

„Ég bjóst aldrei við að frumsýna leikrit eftir hálfs árs búsetu í landinu,“ segir Ívar Örn Sverrisson leikari, sem nýverið frumsýndi leikritið What a Glorious Day með norska leikhópnum Grusomhetens teater. Ívar Örn fluttist til Noregs síðasta sumar ásamt fjölskyldu sinni en ástæðan fyrir dvöl þeirra í landinu er skólaganga eiginkonunnar. „Við renndum frekar blint í sjóinn og ég var ekki með neitt fast i hendi þegar við fluttum hingað. Byrjaði á að vinna á kaffihúsi til að ná tökum á tungumálinu og ég tek ennþá nokkrar vaktir í mánuði þar,“ segir Ívar Örn, en það var fyrir tilviljun að hann komst í kynni við leikhópinn Grusomhetens teater. „Ég var að leika sem statisti í Óperunni og þar var strákur svo almennilegur að láta mig vita að leikhópurinn væri að leita að leikara. Með minn dansbakgrunn smellpassaði ég í hlutverkið enda verkið mjög líkamlegt,“ segir Ívar Örn og bætir við að leikstjórinn, Lars Øyno, hafi einnig verið hrifinn af bjagaðri norskunni hans, en lítill texti er í verkinu og meiri áhersla lögð á líkamlega tjáningu. Verkið hefur fengið ágætis dóma í Noregi og vonast Ívar Örn til að geta starfað áfram með leikhópnum.

„Okkur líkar mjög vel hérna og viljum vera í nokkur ár til viðbótar. Við vissum ekki mikið um landið áður en við fluttum og fannst ekki vera beint jákvæð mynd af því á Íslandi. Hingað til hafa Norðmenn því komið okkur skemmtilega á óvart.“ - áp



**NÝTUR NOREGS** Ívar Örn Sverrisson leikari er fluttur með fjölskylduna til Osló og strax farinn að sýna á norsku leiksviði.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# 20% AFSLÁTTUR FYRIR ALLA MEÐ MOTTUR

## – OG HINA LÍKA

## 19"

Salora LCD 1941DVXC1 HD-Ready 1366 x 768 sjónvarp með innbyggðum digital tuner (DVB-T), CI-kortarauf og DVD-spilara. HDMI-tengi og 12V.



tilboð 55.996
verð áður 69.995 20%
SALORA
1941DVXC1



LG
32LD420N
tilboð 103.996
20% verð áður 129.995

## 32"

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður, 2 x HDMI, USB 2.0 og SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi.

## 42"

Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp. 100 Hz. 1920 x 1080 punkta upplausn, 3 x HDMI, LAN, 2 x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningur.



tilboð 167.996
verð áður 209.995 20%
LG
42LD650N



## 50"

Glæsilegt 50 tommu HD Ready 600 riða Plasma sjónvarp með tveimur HDMI tengjum, USB tengi og mörgu fleira

tilboð 191.996
verð áður 239.995 20%
LG
50PJ650N

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 110746

